

Fornleifaskráning í Eyjafirði VI.

Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson

**Minjasafnið á Akureyri
Fornleifastofnun Íslands**

FS018-95023

Akureyri 1996

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Yfirlit um sögu byggðar á skráningarsvæðinu	5
3. Fornleifaskrá	9
Naust	12
Hamrar	21
Kjarni	28
4. Verndun og kynning fornleifa á skráningarsvæði	48
Heimildir	51

1. Inngangur

Undirbúningur undir fornleifaskráningu í landi Akureyrar hófst sumarið 1995. Þá var gerð úttekt á heimildum um fornleifar í þéttbýli og gerð áætlun um framvindu fornleifaskráningar og birtist um það skýrslan *Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd*. Sama sumar var gerð deiliskráning í landi Nausta og birtist um hana skýrslan *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV. Deiliskráning Naustahverfis*.

Á grunni þeirra tillagna sem settar voru fram sumarið 1995 ákvað bæjarstjórn Akureyrar að ráðast í fornleifaskráningu innan bæjarmarkanna og var fyrsti áfangi verksins unninn sumarið 1996. Ákveðið var að skrá fyrst jarðir sem enn hafa ekki verið teknar undir byggingaland en þar sem verið er að ráðstafa landi eða breytingar á landnotkun eru fyrirsjáanlegar. Því voru skráðar jarðirnar Kjarni, Hamrar og Naust (fyrir utan kaupstaðarlóðina gömlu) syðst í bæjarlandinu auk Syðra-Krossaness og Ytra-Krossaness nyrst í landi Akureyrarbæjar. Á tveimur síðarnefndu jörðunum var gerð úttekt vegna deiliskipulags fyrir Krossaneshaga og hefur verið gerð um það sérstök skýrsla: *Fornleifaskráning í Eyjafirði VII. Deiliskráning í Krossaneshaga*. Samkvæmt áætlun um fornleifaskráningu í Akureyrarlandi 1996-1999 var miðað við að í fyrsta áfanga yrði gerður um fimmtungur af vettvangsvinnunni. Reiknað er með að í næstu áföngum (1997 og 1998) verði meiri áhersla lögð á að skrá fornleifar sem tengjast myndun og sögu kaupstaðarins. Fornleifaskráning í kaupstað kallar á nokkuð aðra aðferðafræði en skráning í dreifbýli, bæði vegna þess að um nokkuð annarskonar minjar er að ræða og vegna þess að þær eru flestar alveg huldar sjónum, undir götum, gördum og byggingum. Unnið hefur verið að þróun slíkrar aðferðafræði síðan sumarið 1995 og er sú vinna komin vel á veg.

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar í landi Kjarna, Hamra og Nausta. Fyrst er gefið stutt yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu (2. kafli) en þar á eftir er birt skrá um minjastaði á skráningarsvæðinu (3. kafli). Í skránni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Hver jörð fær sérstakan kafla þar sem gerð er grein

fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum sem hafa eða hafa haft áhrif á varðveislu minja. Undir hverri jörð er síðan skrá með ítarlegri umfjöllun um hvern minjastað með teikningum þar sem við á. Einnig er birt minjakort sem sýnir minjastaði, örnefni og aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum og horfnum búskaparháttum. Í 4. kafla er fjallað um ástand og menningarsögulegt gildi minjastaða á skráningarsvæðinu og gerðar tillögur um kynningu og verndunaraðgerðir.

Fyrir hönd Akureyrarbæjar sér Minjasafnið á Akureyri um skráningu fornleifa í bæjarlandinu en verkið er framkvæmt af Fornleifastofnun Íslands og er það liður í samstarfi þessara stofnanna um fornleifaskráningu í Eyjafirði. Skráningin var unnin undir stjórn Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar en auk þeirra unnu Sædís Gunnarsdóttir og Elín Hreiðarsdóttir að verkinu. Sumarið 1995 hafði verið gerð heimildakönnun um fornleifar í landi Akureyrarbæjar og deiliskráning í Naustalandi og sá Birna Gunnarsdóttir um hvorttveggja. Minjasafnið á Akureyri veitti starfsaðstöðu og margháttða aðstoð og kunna höfundar Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur forstöðumanni og starfsfólki hennar bestu þakkir fyrir gott samstarf. Starfsmenn Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns á Akureyri voru afar hjálplegir við að útvega ýmis gögn og bækur og eru þeim færðar bestu þakkir. Þá veittu stofnanir og embætti bæjarins margskonar aðstoð og má þar sérstaklega nefna Skipulagsdeild bæjarins og lóðaskrárritara en Kristinn Magnússon á tæknideild Akureyrarbæjar gerði yfirlitskort um minjastaði á skráningarsvæðinu og eru honum færðar bestu þakkir fyrir samstarfið. Menningarmálanefnd Akureyrarbæjar lét í té húsnæði í Sigurhæðum fyrir starfsmenn verkefnisins. Síðast en ekki síst vilja höfundur þakka heimildamönnum fyrir ómetanlega hjálp.

2. Yfirlit um sögu byggðar á skráningarsvæðinu.

Jarðirnar þrjár syðst í landi Akureyrarbæjar eru innan þess svæðis sem á 13. öld var talið kjarninn í landnámi Helga magra. Það land sem hann á að hafa haft undir bú sitt náði frá Merkigili í suðri og að Glerá og er það sama svæði og átti sókn til Hrafnagilskirkju á seinni öldum.¹ Snemma hafa jarðir skipst út úr þessu landi og þá sennilega fyrst í útjöðrunum, fjærst höfuðbólínu á Kristnesi. Hrafnagil hefur snemma orðið stórbýli og tekið við af Kristnesi sem miðstöð svæðisins en nyrst er augsnilegt að Stóra-Eyjarland hefur orðið sjálfstæð bújörð fyrr en aðrar. Stóra-Eyjarlandi fylgdi allur Glerárdalur austan Glerár og er það drjúgur hluti beitilands í kjarna-landnámi Helga. Þar var einnig hálfkirkja og samkomuhald hefur snemma hafist á Oddeyri en allt þetta bendir til að á Stóra-Eyjarlandi hafi snemma orðið lítill byggðarkjarni og er sennilegt að a.m.k. Kotá hafi byggst frá Stóra-Eyjarlandi.

Jarðirnar norðan við Kristnes eru allar fremur litlar og eiga ekki land nema stuttan spöl upp í fjallshlíðina en síðan tilheyrir fjallið ofanvið Kristnesi og bendir þetta til að þessum jörðum hafi öllum verið skipt út frá Kristnesi. Þær eru allar litlar eða meðalstórar bújarðir eftir hundraðatali og minnir þetta fyrirkomulag mest á lóðaúthlutun. En hvað þá með Naust, Hamra og Kjarna? Hömrum hefur augsnilega verið skipt úr landi Kjarna því að þeim tilheyrir aðeins sneið norðan og austan við Kjarnaland sem er því eins og 'L' í laginu. Samkvæmt landamerkjauppdrætti frá 1787 var Naustaland þríhyrnd spilda utaní Stóra-Eyjarlandslandi og eiga Naust land upp á hálsinn austan við Glerárdal. Kjarna fylgir hinsvegar land langt upp á fjall og þannig háttar til uppi á Súlumýrum að landi er farið að halla til vesturs löngu áður en kemur að Stóra-Eyjarlandsmerkjum. Hafi merkin verið á þessa leið frá upphafi verður að álíta sennilegast að bæði Kjarni og Naust hafi upphaflega skipst út úr Stóra-Eyjarlandslandi. Því til stuðnings mætti einnig nefna að merkin milli Kjarna og Hvamms er þau sem eru

¹ Espihóll bættist ekki við Hrafnagilssókn fyrr en um eða eftir siðaskipti en á miðöldum var þar alkirkja (sbr. DI V, 298) og var Espihóll þá í sinni eigin sókn.

hvað náttúrulegust á þessu svæði.² Þessi merki voru staðfest með landamerkjadómi á þessari öld en þá hafði Kristnes gert kröfu til nyrðri hluta Súlumýra á sömu rökum og syðri hluti mýranna tilheyrir þeirri jörð.³ Ekki eru næg gögn til um upphaflega skipan landamerkja á þessum slóðum til að nokkurntíma verði skorið úr með vissu hvernig þessu hefur verið farið en vissulega er ekki útilokað, miðað við legu landsins á fjalli, að Kjarna með Hömrum hafi verið skipt út úr Kristneslandi. Til hins bendir þó að Stóra-Eyjarlandi fylgir hólmi einn mikill í mynni Eyjafjarðarár, Stórhólmi eða Eyjarlandshólmi og er hann bæði aðskilin Stóra-Eyjarlandslandi og alllangt fyrir sunnan það. Hafi hólminn ekki komið undir Stóra-Eyjarland með kaupum þá verður þessi jarðareign ekki skýrð öðruvísi en að Stóra-Eyjarlandi hafi upphaflega tilheyrt allt svæðið utan við Hvammsland og að þegar Kjarna var skipt út úr hafi hólminn verið skilinn eftir til að tryggja Stóra-Eyjarlandi nægar engjaslægjur. Að Naust hafi byggst frá Stóra-Eyjarlandi síðar en Kjarni styrkist af því að Naustum tilheyrði hólmi sérstaklega, Naustahólmi, en hann er aðskilin landi jarðarinnar af Stóra-Eyjarlandshólma. Naust hafa aðeins getað eignast þennan hólma með kaupum eða, sem líklegra er, að hann hafi fylgt með frá upphafi og þá er erfitt að ímynda sér annað en að það hafi verið sem hluti af hólmaeign Stóra-Eyjarlands og hafi sá sem lengst var í burtu verið látinn fylgja nýbýlinu. Naustahólmi er talinn sérstaklega í eignaskrá Munkaþverárklosturs frá 1461 (DI V, 303) en hann hefur verið látinn fylgja jörðinni þegar hún var seld aftur í bændaeign.

Heiti Nausta bendir til að þar hafi verið naust áður en byggð hófst en hvenær það var er ómögulegt að segja. Þar hefur byggð verið komin fyrir löngu á 13. öld því höfundur Ljósvefninga sögu lætur Þórhildi Vaðlaekkju vinkonu Guðmundar ríka á Möðruvöllum búa þar (11. kap). Bæjarins er einnig getið í Fóstbræðra sögu þar sem sagt er frá þeim er vógu Þorgeir Hávarsson á Melrakkasléttu og fóru með höfuð hans vestur um landið. “Er þeir kómu í Eyjafjörð, þá áðu þeir skammt frá Naustum. Þeir tóku þá höfuð Þorgeirs ok settu það á þúfu eina, sem þeir vóru vanir. Þeim sýndisk þá höfuðit

² Þ.e. hamrabeltið ofan við Kjarna og Hamra. Merkin liggja raunar sunnar en klettarnir og tengjast ekki neinum áberandi náttúrufyrirbærum.

ógurligt, augun opin ok munnurinn, en úti tungan. Við þá sýn urðu þeir allhræddir ok felmstfullir. Þeir grófu þá með öxum sínum hjá höfðinu ok hrundu þar í ofan höfðinu ok grófu á ofan torf.” (18. kap). Fyrir utan að benda á mögulega fornleif í nágrenni Nausta þá bendir þessi lýsing á að Naust hafa frá fyrstu tíð legið í þjóðbraut milli landshluta og er það auðvitað einnig ein af ástæðum þess að verslun hófst á Akureyri í Naustalandi á 16. eða 17. öld. Nausta er næst getið í miðaldaheimildum í eignaskrá Munkaþverárklosturs frá 1446 (DI IV, 699) en klaustrið hefur þá eignast Naust einhvern tíma á undanliðinni einni og hálfri öld því Nausta er ekki getið í eignaskrá klostursins frá 1318 (DI II, 485-86).

Hvorki Hamra né Kjarna er getið í miðaldaritum fyrr en Hamrar komast í eign Munkaþverárklosturs en það hefur gerst milli 1318 og 1446 eins og með Naust. Ekki er þó ástæða til að ætla að þessar jarðir hafi byggst seinna en aðrar í kring. Það er nánast helber tilviljun ef jarðar er getið í miðaldaritum og engin trygging fyrir að búsældarlegra jarða með gamla og gróna byggð sé getið í skjölum eða sögum. Allar jarðirnar, Kjarni, Hamrar og Naust hafa verið í flokki betri jarða, þær voru hver um sig metin á 40 hundruð en það er talsvert meira en meðaljörð (24 hundruð).⁴ Það má yfirleitt hafa til viðmiðunar að herra metnar jarðir séu fornar en kotbýli séu yngri og er varlegast að ætla að byggð hafi verið komin í Kjarna og Naustum á 10. eða 11. öld og Hömrum ekki löngu síðar.

Í byrjun 18. aldar var tvíbýli á Naustum, einn ábúandi á Hömrum en í landi Kjarna voru þá í byggð tvær hjáleigur, Litli-Kjarni og Steinagerði.⁵ Hjáleigur Kjarna virðast báðar hafa verið í byggð fram undir lok 19. aldar en einnig er getið um Kjarnakot og Soffugerði en óvíst er hvenær sú byggð á að hafa verið. Í landi Hamra eru allmiklar byggingaleifar á Hamragerði og var talið í byrjun 18. aldar að þar gæti hafa verið byggð. Það var þó ekki vitað fyrir víst og ekki virðist þar hafa verið byggt síðan. Einnig var búið á Hamrahóli í túninu á Hömrum fram undir síðustu aldamót en ekki

³ Áreiðin var gerð undir stjórn Páls Einarsonar bæjarfógeta.

⁴ Í Jarðabók frá 1712 er Kjarni sagður vera 36 hundruð - JÁM X, 208.

⁵ JÁM X, 206-208.

virðist sú byggð hafa staðið lengi. Á þessu svæði hefur því verið fremur þéttbýlt á sveitavísu hinar síðari aldir og var Kjarni tvímælalaust þungamiðjan í þeirri byggð. Þar var sýslumannssetur um skeið á fyrri hluta 19. aldar og 1836 varð hún lénsjörð læknisins í Norðlendingafjórðungi (JJ, 299) en ekki virðist læknirinn þó hafa búið á Kjarna.

Verslun hófst á Akureyri, sem að stærstum hluta var í landi Nausta, á 16. eða 17. öld en föst búseta hófst þar ekki fyrr en eftir miðja 18. öld. Við stofnun kaupstaðarins 1786 var mæld út verslunarlóð og var hún að mestum hluta úr Naustalandi en einnig var skák syðst úr Stóra-Eyjarlandslandi. Kaupstaðarlóðin náði frá Krókeyri beint niðurundan Naustabænum og útfyrir Akureyrina. Kaupstaðurinn óx jafnt og þétt á 19. öld, fyrst á Akureyrinni sjálfri og síðan inn eftir Fjörinni undir brekkunni og upp með Búðargili. Þegar fór að þrengjast um land á þessum svæðum færðist byggðin hinsvegar ekki upp á brekkuna heldur norðureftir og út á Oddeyri. Eftir fyrsta vaxtarskeiðið byggðist kaupstaðurinn því fyrst og fremst í landi Stóra-Eyjarlands en þéttbýlismyndun hefur enn ekki orðið að ráði í landi Nausta, Hamra eða Kjarna. Þó hafði nálægðin við kaupstaðinn mikil áhrif á búskap á þessum jörðum og var þeirra farið að gæta á seinni hluta 19. aldar. Fyrst er þess að geta að nokkur smábýli urðu til í brekkurótunum innan við bæinn, í landi Kjarna á síðustu tveim áratugum 19. aldar. Þau voru sambærileg við smábýli í Glerárþorpi en urðu aldrei mörg og virðist fólk heldur hafa sótt í að byggja smábýli norðan og vestan við bæinn en sunnan við hann eftir aldamótin. Þessum smábýlum fylgdu óverulegir landskikar og munu þau lítil áhrif hafa haft á búskap í Kjarna. Þau munu einnig hafa orðið til um svipað leyti og byggð lagðist niður í Steinagerði og Litla-Kjarna sem stóðu uppi á brekkunni nær Kjarnabænum þannig að landrými Kjarnabónnda hefur sennilega aukist frekar en hitt á þessum árum. Meiri áhrif á búskap jarðanna hafði þó sífellt vaxandi þörf kaupstaðarbúa fyrir beitoland og slægjur ofan í skepnur sínar og fyrir eldsneyti en þökkalegt móttak er í mýrunum uppi á bakkanum. Bændur leyfðu kaupstaðarbúum að hafa not af landi gegn gjaldi en fljótlega varð þrýstingur á að kaupstaðurinn keypti jarðirnar. Stóra-Eyjarland og Kotá voru fyrst keyptar eða 1893, síðan Naust árið 1902, Kjarni eftir talsvert stífabrak 1910 en

Hamrar ekki fyrr en 1944. Eftir að jarðirnar höfðu verið keyptar voru hlutar þeirra nytjaðir af bæjarbúum, mikil nýrækt var t.d. gerð í landi Kjarna til að auka töðufeng bæjarbúa og hlutar af jörðunum voru seldir á erfðafestu (einkum úr Naustalandi). Búskapurinn dróst þá saman á heimajörðunum og fór Kjarni í eyði strax 1942. Á Naustum var búskapur orðinn lítill eftir 1960 en nokkur búskapur hélst á Hömrum fram um 1980 og er ennþá búið á báðum jörðunum.


3. *Fornleifaskrá.*

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-409:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna. Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) lítil hætta, 3) hætta og 4) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni.

Skráning fornleifa byggir yfirleitt að stórum hluta á munnlegum upplýsingum staðkunnugs fólks. Ekki náðist í heimildamenn sem veitt gátu upplýsingar um

fornleifar í landi Hamra en í landi Kjarna veitti Hallgrímur Indriðason skógarvörður leiðsögn. Heimildamenn um fornleifar í landi Nausta voru Anton Jónsson fæddur 1928 á Naustum og uppallinn þar og Sveinn Baldvinsson fæddur 1915 en hann hefur búið á Naustum frá 1929. Mikið starf hefur verið unnið við söfnun örnefna í landi Akureyrarbæjar og vegur það nokkuð á móti skorti á heimildamönnum. Til er á Héraðsskjalasafninu á Akureyri handrit að örnefnaskrá bæjarins eftir Lárus Thorarensen og skrár eftir Tryggva Þorsteinsson og Steindór Steindórsson hafa einnig birst á prenti. Þá hefur Helgi Hallgrímsson aflað frekari heimilda um marga minjastaði og skoðað suma þeirra og gert grein fyrir athugunum sínum í óprentaðri Söguminjaskrá Eyjafjarðar.

Alls hafa 70 minjastaðir verið skráðir á þessum þremur jörðum, en það eru rúmlega 23 staðir á hverri jörð. Það er talsvert hærra meðaltal en t.d. á Staðrbyggð þar sem um 10 minjastaðir eru á hverri jörð. Ástæðan er annarsvegar sú að bæði Naust og Kjarni eru fremur landmiklar jarðir með vel yfir meðallagi stór bú. Um hitt munar líka að allmargar fornleifar eru á þessum jörðum, sem tengjast þéttbýlismyndun á Akureyri, sérstaklega í landi Kjarna þar sem nokkur smábýli byggðust í lok 19. aldar.



Af 70 minjastöðum eru tóftir sýnilegar á aðeins 23 en það er heldur lægra hlutfall en í venjulegu dreifbýli enda hafa talsverðar framkvæmdir verið í landi jarðanna þriggja þó þar hafi enn ekki verið reist íbúðabyggð. Af þeim stöðum sem tóftir sjást á eru 8 nokkuð greinilegar, þ.e. hleðslur standa enn eða eru vel merkjanlegar en 15 eru fremur útflattar og ógreinilegar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Ekki var hægt að meta hættu nema á rúmlega helmingi staðanna eða 39 og töldust aðeins 5 vera í lítilli eða engri hættu, 28 töldust í hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir af ýmsu tagi eiga sér stað. 6 minjastaðir töldust í mikilli hættu, þar af 4 vegna skógræktar en stór hluti minja í Kjarnalandi hefur eyðilagst vegna skógræktar, annaðhvort beinlínis vegna þess að tré hafa verið gróðursett í rústunum eða vegna framkvæmda í kringum skógræktina.

Ekki er vitað um hlutverk 10 minjastaða en á 14 stöðum hafa verið mannbústaðir á svæðinu, þar af um langa hríð á 6 stöðum. Flestar minjanna tengjast landbúnaði og má nefna 15 útihús, þar á meðal einn geitakofa, 5 stekki, 3 beitarhús, 2 sel, 1 kvíar, 1 myllu og 1 heystæði. Einnig hefur mótak verið á 6 stöðum og torfrista á einum. Þá eru 6 landamerki (vörður og garðar), 1 stríðsminjar og 1 huldufólksbústaður.

Ey-302 Naust

40 hdr. 1712. Bændaeign en Munkaþverárklostureign á 15. öld. Getið í Ljósvetninga sögu og Fóstbræðra sögu. Naustum fylgdi Naustahólmi sem er austan við Eyrarlandshólma - JÁM X, 206. Akureyrarbær keypti jörðina 1902. Naust II er nýbýli úr Naustalandi byggt árið 1929; Naust III er nýbýli stofnað 1930; en Naust IV nýbýli stofnað 1947. Býlin standa öll frekar þétt saman. Naust I teljast í eyði frá 1961 (þar er enn búið en enginn búskapur), Naust II hafa keypt land Nausta I.

Túnið fyrir ofan Naust I var sléttað milli 1950 og 60. Þá var túngarðurinn jafnaður og tóftir austan við hann. Túnið fyrir neðan Naust IV og norðan og norðaustan Naust I hefur ekki verið sléttað síðan það var sléttað fyrst með handverkfærum. Geilin

á norðurbakka Naustalækjar hefur hinsvegar verið sléttuð rækilega með vélum. Tungan sunnan við Naustalæk hefur aldrei verið sléttuð.

Ey-302:001 bæjarhóll bústaður 65°39.681 N 18°05.460 V
Bærinn stóð þar sem nú er heimreiðin að Naustum I. Vestan við íbúðarhúsið eru útihús, nú trésmiðja.

Framþil bæjarins mun hafa verið rétt vestan við austurgafll trésmiðjunnar sem nú stendur þar sem bærinn stóð áður. Ekki hafi verið grafið mjög djúpt þegar útihúsin voru reist, ca. 1,5 m. Bærinn hafi verið miklu stærri en svo að hann færi allur undir útihúsin, en sléttað hafi verið úr bæjarhólnum eftir að íbúðarhúsið Naust I var byggt 1937. Jarðvegurinn var fluttur á Eiðsvöll og að hluta í garðinn hjá Naustum I. Þar hefur komið upp ýmislegt smálegt þegar grafið hefur verið í garðinum og grjót kemur iðulega upp þegar eitthvað er grafið í nánd við húsin, t.d. þegar byggt var við útihúsin vestanmegin árið 1976 (þá var grafið niður ca. 3 m) og þegar skurðir hafa verið teknir vegna lagna í húsin. Grjót hefur komið upp bæði norðan við útihúsin og eins undir heimreiðinni milli útihúsa og íbúðarhúss.

Hættumat: hættavegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ak; H.H.; S.S.93; BE.

Ey-302:002 frásögn um fjárhús með hlöðu 65°39.781 N 18°05.476 V
Heimreiðin að Naustum. Staðurinn er örfáa metra ofan við veginn og norðaustan við útihús frá Naustum IV.

Í sléttuðu túni heima við bæ. Þar sem fjárhúsin eru sögð hafa staðið er túnið svolítið sigið og gróður þar öðruvísi, meira af fífla og njóla. Staðurinn er mun grænni en túnið umhverfis, jafnvel svo að sjá megi lögum á. Þessi hús voru 4 fjárhús og 2 hlöður, en sléttað var yfir um svipað leyti og sléttað var yfir bæjarhúsin (eftir að nýtt íbúðarhús var reist 1936). Þá voru einnig fjárhús fyrir sunnan bæinn, sem búið er að slétta yfir og sér ekki til þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-302:003 “Gerði” tóftir bústaðar 65°39.626 N 18°05.383 V
Vegur suður frá Naustum I, yfir Naustalækinn. Sunnan við lækjargilið beygir vegarslóði/troðningur niður á tunguna milli Naustalækjar og næsta lækjar þar fyrir sunnan. Tóftin er ca. 40 m fyrir austan veginn og sést greinilega þegar komið er niður á tunguna. Gróin tunga milli lækja. Mikið af villtum gróðri, virðist ekki slægjuland. Hallar á átt að gilinu norðanmegin.

Anton Jónsson, Naustum II, (f. að Naustum 1929) segir að þarna hafi verið útihús, síðast notuð sem beitarhús, en það hafi verið fyrir sitt minni því húsin þarna hafi ekki verið í notkun síðan snemma á öldinni. Sveinn Baldvinsson segir að þarna hafi ekki verið útihús, heldur hafi búið þarna fólk, síðast hjónin Jósep og Jósefína (svo!) sem hafi flutt heim að Naustum uppúr 1920, þá orðin gömul. Anton dregur þessa frásögn í efa. Báðir segja staðinn alltaf kallaðan Gerði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-302:004 tóft 65°39.633 N 18°05.423 V
Vegur suður frá Naustum I, yfir Naustalækinn. Sunnan við lækjargilið beygir vegarslóði/troðningur niður á tunguna milli Naustalækjar og næsta lækjar þar fyrir sunnan. Troðningurinn sker tóftina í sundur um 12 m fyrir austan girðingu/veg. Efst í gróinni tungu milli lækja. Mikið af villtum gróðri, virðist ekki slægjuland.

Vagn-/vegarslóðinn niður tunguna fer í gegnum tóftina, en ekki virðist hætta á frekari rofi af hans völdum. Tóftin er skýrari sunnanmegin við slóðann.

Hættumat: lítil hætta vegna ábúðar

Ey-302:005 túngarður 65°39.629 N 18°05.307 V
Tungan fyrir sunnan Naustalækinn. Þegar gengið er austur á tunguna sést garðurinn stefna þvert yfir hana neðarlega í átt norður að læknum. Gróin tunga milli lækja. Mikið af villtum gróðri, virðist ekki slægjuland. Garðurinn er austarlega þar sem tungunni er farið að halla í átt til lækjarins að norðanverðu og skógræktarblettis að austanverðu.


Skammt norðaustan við suðurenda garðsins er kartöflugeymsla.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-302:006 “Naustastekkur” beitarhúsatóft

65°39.588 N 18°06.572 V

Naustastekkur er “Í svonefndri Stekkjarlág, sem er norðan í Ytri-Naustaborg” segir í söguminjaskrá H.H. Ekið eftir veginum frá Þórunnarstræti upp að Brúnum en haldið áfram í vestur þar sem vegurinn beygir í átt að Kjarnaskógi, og haldið áfram í vestur upp að hliði merktu SKÓGRÆKT. Farið í gegnum hliðið og gengið þaðan eftir




vegartroðningi í átt að borgunum. Rétt áður en komið er að tóftinni sjást tveir steinsteyptir grunnar beggja vegna vegarins. Grasi vaxinn bali. Sunnan við hann er skógrækt (plöntur rúmur metri á hæð), og nýplantað austan og norðan við. Norðan við tóftirnar eru tveir steinsteyptir grunnar, sá neðri mun vera undan húsi Sjálfstæðisflokksins. Þessi tóft er talin hafa verið beitarhús.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: HH.


Ey-302:007 heystæði 65°39.588 N 18°06.572 V

Lítill tóft er “Í svonefndri Stekkjarlág, sem er norðan í Ytri-Naustaborg.” (H.H.). Tóftin er um 8 m vestan við beitarhúsið 006, á grasi vöxnum bala. Sunnan við hann er skógrækt (plöntur rúmur metri á hæð), og nýplantað



austan og norðan við. Norðan við tóftirnar eru tveir steinsteyptir grunnar, sá neðri mun vera undan húsi Sjálfstæðisflokksins. Þessi tóft mun hafa verið heystæði en gæti, lögunar sinnar vegna, hafa verið stekkur áður.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar



Ey-302:008 “Naustasel” stekkjartóft

65°39.406 N 18°07.399 V

“Ofan við [Naustaborgir] eru Naustaflói og Hundatjörn, en tóftabrotin af Naustaseli sjást enn í fjallsrótunum þar upp af.” Nokkur örnefni, 20 - “(...) í fjallsrótunum þar fyrir ofan [Naustaflóa og Hundatjörn] eru tóttirnar af Naustaseli.” Ö-Ak, 9. “uppi í fjallsrótum (á holti nokkru með klettum framaní) rétt fyrir ofan Naustaflóa (upp af Ytri-Naustaborg). Sjást þar enn tættur allskýrar en fornlegar” HH.


Tóftin er við suðurenda Neðstahjalla, beint upp af Ytriborg og beint undir

klettabeltinu í Miðhjalla. Tóftin er á litlum hjalla í brekku ofan við allmikla mýrarfláka (nú framræsta). Hér hefur verið mikið beitoland á allar hendur og engjaslægjur bæði neðan við í Naustaflóa og ofan við á Breiðahjalla. Tóftin er fast á suðurbarmi lítils lækjargils.

Talið er að þarna hafi ekki verið sel heldur stekkur. Skurður er fast V við tóftina og hefur skemmt SV enda hennar. Þetta er án efa með allra stærstu stekkjum, króin er 3x3 m að innanmáli og af réttinni sjást 8x3 m en hún hefur verið lengri. Snýr N-S. NA undan tóftinni eru mishæðir sem gætu verið eldri byggingarstig. Vegarslóði er ofan á uppmokstrinum úr skurðinum sem skemmt hefur tóftina.

Hættumat: lítil hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Nokkur örnefni, 20; Ö-Ak, 9; HH; SS 1993, 228.



Ey-302:009 “Naustabeitarhús” tóftir beitarhúsa eða sels

65°39.414 N 18°08.026 V

“Naustabeitarhús voru í hlíðinni nokkuð fyrir ofan selið. Tættur munu vera þar sýnilegar og óskemmdar” segir í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar. Engar tóftir eru beint fyrir ofan selið (008) en við norðurenda Breiðahjalla, þ.e. talsvert langt ofar og norðar en selið eru mjög fornlegar tóftir í brekku á austurbakka lækjar, sem tekinn er í skurð spölkorn neðar.

Smápýfður mói er í brekkunni, en neðan við til S er allmikið engi sem nær allt suður að Hamramerkjum. Á þessum stað mun ekki verið beitarhús heldur sel. Tóftirnar eru í litlum halla og er suðurhluti þeirra sokkinn í mýri en það sem enn sést er mjög sundurhlaupið í þúfur. Greina má tvær tóftir og garð norðan við þær. A er vestast og skýrust af öllu sem þarna sést. Hún er 6x4 m að utanmáli en 3x2 að innan, snýr N-S en ekki verður séð hvar dyr hafa verið því mörg skörð hafa myndast í veggina af þúfum. Deigt er inni í tóftinni og utan við hana sunnanmegin. Við NV horn þessarar tóftar byrjar garðurinn og gengur þar 6 m til norðurs en beygir svo og er norðurhliðin öll (20 m) vel sýnileg. Garðurinn er víðast um 2 m breiður en austast breikkar hann og er NA hornið þríhyrndur þúfnakragi sem hverfur síðan í mýrina til S. Þessi þúfnakragi gæti verið tóft. Innan við garðinn er þúfnarimi samsíða honum á um 12 m bili sem gæti

verið aflöng tóft frá A-V en hún er þá heldur mjó í vesturendann. Austast í þessum rima má greina tóft eða hólf sem sýnist liggja N-S og vera um 3x2 m innan. Tóft þessi er ógreinileg fyrir þýfi.

Hættumat: engin hætta

Heimild: HH.

Ey-302:010 stríðsminjar - skotgröf 65°39.622 N 18°05.350 V

Vegur suður frá Naustum I, yfir Naustalækinn. Sunnan við lækjargilið beygir vegarslóði/troðningur niður á tunguna milli Naustalækjar og næsta lækjar þar fyrir sunnan. Skotgröfin er austarlega á tungunni áður en henni hallar bratt niður til austurs og norðurs. Hún sést greinilega þegar komið er niður á tunguna og austur fyrir Gerði 003.

Gróin tunga milli lækja. Mikið af villtum gróðri, virðist ekki slægjuland. Skotgröfin er austarlega, rétt þar sem tungunni fer að halla í átt til lækjarins að norðanverðu og skógræktarblettis að austanverðu. Skammt austan við hana sést í túngarðinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-302:011 "Kvíahóll" frásögn um kvíar 65°39.684 N 18°05.642 V

Kvíahóll var þar sem íbúðarhúsið Naust II stendur nú. Tóft sást á hólnum áður en íbúðarhúsið var reist 1928-9.

Ey-302:012 frásögn um útihús 65°39.665 N 18°05.550 V

Í sléttuðu túni fyrir ofan verkstæði við Naust I var útihús Meiri njóli sést á blettinum þar sem tóftirnar voru en umhverfis hann. Tóftir sáust á þessum stað fram um miðja öldina en þær hurfu (ásamt túngarði og öðrum tóftum) þegar túnið var sléttað milli 1950 og 60.

Ey-302:013 frásögn um útihús

65°39.723 N 18°05.515 V

Í sléttuðu túni sunnan við skjólbeltið og um 60 m vestan við íbúðarhúsið að Naustum IV. Meiri njóli sést á blettinum þar sem tóftirnar voru en umhverfis hann. Tóftir sáust á þessum stað fram um miðja öldina en þær hurfu (ásamt túngarði og öðrum tóftum) þegar túnið var sléttað milli 1950 og 60.

Ey-302:014 frásögn um útihús

65°39.741 N 18°05.453 V

Útihús voru þar sem nú standa útihús frá Naustum IV. Þar voru 4 fjárhús og 3 hlöður í einum hnapp. Núverandi útihús eru grafin niður á fast en eldri húsin náðu útfyrir þau sem nú standa.

Ey-302:015 frásögn um leið

Þar sem nú er vegurinn milli Nausta I og Nausta II voru áður reiðgötur en ekki er vitað fyrir víst hvert þær stefndu.

Ey-302:016 frásögn um mógrafir

65.39.481 N 18.06.288 V

Svarðartekja var sunnan við Svarðarhól. Ekinn vegurinn frá Brúnum í átt að Kjarnaskógi. Upp afleggjara að sumarbústöðum. Vestan við efsta húsið er vegur sem liggur norður yfir Svarðarhól. Sunnan við hólinn eru sléttuð tún og sér ekki lengur til grafanna.

1712: "Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei." JÁM X, 206 - Til skamms tíma munu hafa sést lautir í túninu þar sem svarðargrafirnar voru.

Ey-302:017 landamerkjagarður

Landamerki milli Nausta og Stóra-Eyjarlands eru úr vörðu á sunnanverðum Hofshamri "Þaðan í GARÐ þann er liggur við Naustatjörn að norðanverðu og úr þeim sama garði eftir vörðum réttisýnis í Búðargil og Búðarlæk" segir í örnefnalýsingu. Á landamerkjakorti frá 1778 eru merkin milli Eyjarlands og Nausta sýnd milli Vothamars

og Hofshamars og síðan er 'landamerkiagardur' sem sýnist ekki ná mikið lengra í austur en á móts við austurenda Naustatjarnar.

Heimildir: Afrisning Nausta og Eyrarlands Landamerkia 1778 - Þjsks (pr. í Akureyri. Fjaran og innbærinn, 11); Ö-Ak.

Ey-302:018 heimild um útihús 65°39.677 N 18°05.518 V

Á loftmynd frá 1937 sést að útihúskofi hefur verið rétt vestan við bæjarhúsin.

Heimild: Loftmyndir Geodædisk Institut frá 1937;

Ey-302:019 heimild um útihús 65°39.703 N 18°05.516 V

Á loftmynd frá 1937 sést að húskofi eða tóft hefur verið utan í túngarðinum vestanverðum.

Heimild: Loftmyndir Geodædisk Institut frá 1937;

Ey-302:020 heimild um bústað

1712: "Húskofar eru nokkrir við kaupstaðinn, sem sláturfólkið liggur við, og hefur enginn tollur af þeim goldist, so menn viti." Ekki verður nú með nokkurri vissu sagt hvar þessir kofar hafa verið og vísast að þeir hafi verið allvíða, bæði í Búðargili og sunnan á og innan við Akureyrina.

Heimild: JÁM X, 207.

Ey-302:021 heimild um landamerkjagarð

Á landamerkjakorti frá 1778 er sýndur merkjagarður milli Nausta og Kjarna austan við Stóruborg.

Heimild: Afrisning Nausta og Eyrarlands Landamerkia 1778 - Þjsks (pr. í Akureyri. Fjaran og innbærinn, 11)

Ey-302:022 landamerkjavarða

Á landamerkjakorti frá 1778 er sýnt 'gamalt vörðubrot' á merkjum milli Eyrarlands og

Nausta rétt austan við Klettaenda og 'Ný varda' þar rétt austan við.

Heimild: Afrisning Nausta og Eyrarlands Landamerkia 1778 - Þjsks (pr. í Akureyri. Fjaran og innbærinn, 11)

Ey-302:023 landamerkjavarða

Á landamerkjakorti frá 1778 er sýnt 'gamalt vörðubrot' á merkjum milli Eyrarlands og Nausta rétt austan við Klettaenda og 'Ný varda' þar rétt austan við.

Heimild: Afrisning Nausta og Eyrarlands Landamerkia 1778 - Þjsks (pr. í Akureyri. Fjaran og innbærinn, 11).

Ey-302:024 “Rögnvaldargrafir” heimild um mógrafir

“Rögnvaldarhóll - hann liggur beint vestur frá bænum Sunnuhvoli. Hann dregur nafn af Rögnvaldi afa Kristjáns Sigurðssonar kaupmanns hjer, hann átti bæ í Búðagili sem hjet Rögnvaldarbær en nafnið Rögnvaldarhóll er dregið af því að þessi sami maður byrjaði fyrstur að skera mó rjett vestan við hólinn og eru grafirnar nefndar Rögnvaldargrafir.”

1712: “Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei.” JÁM X, 206

Heimild: Örnefnaskrá Lárusar Thorarensen - Héraðsskjalasafnið á Ak - G-40/15

Ey-302:025 “Tjarnarhólsgrafir” heimild um mógrafir

“Mógrafir þær er liggja vestan við Tjarnarhólinn heita Tjarnarhólsgrafir.”

1712: “Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei.” JÁM X, 206

Heimild: Örnefnaskrá Lárusar Thorarensen - Héraðsskjalasafnið á Ak - G-40/15

Ey-302:026 “Kóngsvarða” heimild um landamerkjavörðu

“Á Krókeyrinni stóð fyrrum varða, Kóngsvarða, suðurmörk kaupstaðarlandsins.”

Heimild: Ö-Ak, 4

Ey-303 Hamrar

40 hdr. 1712. Munkaþverárklaustursjörð. Hamragerði hétu rústir kringum stekkin 1712 og var það talið eyðihjáleiga 1802. Hamrar II nýbýli á helmingi jarðarinnar 1957. Hamrar I fóru í eyði 1979 en Hamrar II 1990. Hamraland er mjó ræma milli Nausta og Kjarna og á Kjarni allbreiða ræmu meðfram sjónum, sem bendir til að Hömrum hafi upphaflega verið skipt úr þeirri jörð.

1917: 5.1 ha. 1/5 slétt. Engir garðar. ca. 1800: "Heyskapur lítill í móum og mýrum. Beitiland til fjalls í meðallagi. Torfrista góð og nóg." BE 1990, 703. 1996: Tún hafa öll verið sléttuð rækilega. Stór hluti af gamla túninu vestan við bæinn er nú undir hestarétt og er það ca 60x50 m moldarflag. Þar sem Ytragerði og Syðragerði voru eru nú hrossahagar en vestari hluti Syðragerðis er innan við girðingu skógræktarinnar.

Ey-303:001 bæjarhóll

65°38.407 N 18°06.333 V

Skv. túnakorti hefur bærinn staðið fast N við núverandi íbúðarhús og heldur vestar. Á þessum stað er nú slétt grasflöt en byggingar sunnan við og garðar vestan og norðan við.

"...hefur bærinn jafnan staðið þar sem nú eru Hamrar I" segir í söguminjaskrá HH en búíð var í gamla torfbænum þar til núverandi íbúðarhús var reist 1951. Ekki er hægt að átta sig á umfangi hólsins en ekki er ósennilegt að bærinn sem stóð 1917 hafi fyllt upp í vikið sem myndast milli íbúðarhússins, fjóssins og fjóshlöðunnar vestanvið. Fast við NV horn íbúðarhússins sést glitta í grjótraðir í grassverðinum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; HH; BE 1990, 703

Ey-303:002 heimild um útihús


65°38.859 N 18°06.383 V

Þar sem þetta hús var er nú fjósbygging með hlöðu áfastri vestanvið og verkfæraskúr sunnanvið. Fjósið er fast SV við íbúðarhúsið og hefur útihúsið 1917 staðið fast sunnan við bæinn. Byggingar á hlaði

Núverandi fjósbygging er að uppruna til eflaust sama húsið og var 1917 því að í N-vegg þess sést að torf- og grjóthleðslan hefur verið steipt innan í núverandi vegg. Torfveggnum hefur verið rutt frá og sést torf og grjór nú standa út úr steypunni utanfrá. Sennilega hefur torfhúsið einnig verið fjós og ber að líta á það sem hluta af bæjarhólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917



Ey-303:003 tóft útihúss 65°38.927 N 18°06.473 V

Tóftin er uppi á Hamrahól, um 75 m aðeins vestar en beint í norður frá íbúðarhúsi á Hömrum, um 40 m austan við steinaþyrpingu sem er á hæsta kolli Hamrahóls.

Á breiðum klettahól sem er að metu leyti tún, frekar óslétt, fast upp við klöpp sem stendur uppúr hólnum norðanmeginn.

Að innanmáli er tóft þessi varla meir en 1,5 x 1,5, snýr SA-NV með dyr í SA. Önnur tóft gæti mögulega verið á suðurbrún Hamrahóls, um 20 m SA við þessa og sýnist vera ámóta stór eða ívið stærri. Annars er mikið um ójöfnur í túninu uppi á hólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-303:004 heimild um mógrafir 65°39.007 N 18°06.184 V

Samkvæmt loftmynd frá 1954 voru mógrafir á allstóru belti nyrst og austast í landareigninni og voru þær framhald mógrafa í Kjarnalandi sunnan við Magnúsarhól. Mýrin hefur verið ræst fram og er nú tún. Sennilegt er að hóllinn utan við þessar grafir sé Torfhóll sá sem getið er í Ö-Ak, 10 og 11 og þar talinn í Kjarnalandi. Þar er sagt að svörður hafi verið þurrkaður á þeim hól.

Heimild: Loftmynd frá 1954; Ö-Ak, 10, 11.

Ey-303:005 tóft

65°38.827 N 18°07.349 V

Tóft þessi er sunnanmeginn á Ytridal, um 20 m sunnan við Brunná en um 100 m austan við stekkin 010. Í brekku, móar í kring en votlendi meðfram læknum fyrir neðan.

Veggir eru undir 0,5 m á þykkt og í þeim má sjá trjáleifar, en þeir hafa þó verið úr torfi og grjóti að einhverju leyti. Hellur eru í gólfi. Tóft þessi er tæplega mjög gömul, sennilega frá þessari öld.

Hættumat: engin hætta

Ey-303:006 “Syðra gerði” heimild um útihús

65°38.811 N 18°06.531 V

“Norðan við Brunnána, vestarlega í Hamratúninu, heitir Ytragerði en sunnan við ána gegnt því er Syðragerði.” - “Hamratún skiptist í þrjá hluta, skilur Brunná milli tveggja efri hlutanna, sem heita Ytragerðistún og Syðragerðistún eftir gömlum tóttum Syðragerði og Ytragerði, en mýrasund skilur Hamratúnið frá Ytragerðistúni.” segir í örnefnalýsingum.

Á Ytragerði er ávöl hólbunga um 15 m sunnan við Brunná, og um 10 m vestan við girðingu sem aðskilur Hamratún og skógræktarland. Áður tún en er nú úr sér vaxið með sóleyjabreiðum og nokkrum barrtrjám.

“Enn ofar (vestar) [en Hamrahóll] voru tættur, sitt hvoru megin Brunnár...” segir í söguminjaskrá HH Bungan í túninu, þar sem húsið hefur verið er allbreið en mjög lág, um 30 m í þvermál.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Nokkur örnefni, 20; Ö-Ak, 10; HH; Túnakort 1917

Ey-303:007 “Ytra gerði” heimild um útihús

65°38.840 N 18°06.620 V

“Norðan við Brunnána, vestarlega í Hamratúninu, heitir Ytragerði en sunnan við ána gegnt því er Syðragerði.” - “Hamratún skiptist í þrjá hluta, skilur Brunná milli tveggja efri hlutanna, sem heita Ytragerðistún og Syðragerðistún eftir gömlum tóttum Syðragerði og Ytragerði, en mýrasund skilur Hamratúnið frá Ytragerðistúni.” segir í

örnefnalýsingum. Skv. túnakorti hefur útihús staðið á Ytragerði fast við vírgirðingu, sem liggur vesturfyrir túnin á Hömrum, en vestan hennar er skógrækt, um 150 m VSV af fjóshlöðu á Hömrum og um 30 m N við Brunná. Tóftin hefur verið á litlum túnbletti sem nú er hrosshagi.

“Enn ofar (vestar) [en Hamrahóll] voru tættur, sitt hvoru megin Brunnár...” segir í örnefnalýsingu HH. Tóftin sést sem um 10x10 m bunga í túninu, varla meir en 0,5 m há.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Nokkur örnefni, 20; Ö-Ak, 10; HH; Túnakort 1917

Ey-303:008 “Huldusteinn” huldufólksbústaður 65°38.885 N 18°06.566 V

“Í vesturjaðri túnsins er stór steinn, er Huldusteinn var kallaður.” segir í örnefnaskrá. Huldusteinn er stór steinn VNV af bænum á Hömrum. Hann er vestanmegin í lág sem liggur frá norðri til suðurs vestan við aðalhluta gamlatúnsins en austan við Ytragerði. Steinninn er um 15 m vestan við vestasta skjólbeltið og um 20 m sunnan við 009.

“Huldusteinn nefnist afar stór steinn NV við Hamrabæinn ... var talinn mikill huldufólksbústaður” segir í söguminjaskrá HH. Steinninn er stór og þýrmíðalagaður, um 1,5 m hár, 3 m á lengd og 1,5 m á breidd.

Heimildir: Nokkur örnefni, 20; Ö-Ak, 10; HH.

Ey-303:009 “Hamrahóll” tóft af bústað

65°38.912 N 18°06.543 V

“Í túnjaðrinum norðvestur af Hamrabænum var býli er Hamrahóll nefndist. Þar var búið fram undir síðustu aldamót.” segir í örnefnalýsingu. Tóft sem átt gæti við þessa staðalýsingu er SV undir Hamrahól þar sem hann er hæstur. Þar eru nokkrir steindrangar á klöppinni. Tóftin er utan túnsins, líklega 15-20 m vestar en túnjaðarinn 1917.



Tóftin er utan í klapparhól og er þýfður mói neðan við til norðurs og ofanvið til vesturs en tún og síðan mýri neðan við til suðurs og austurs.

Tóftin er einföld, byggð utan í brekkuna. Vestan undan henni er svolítill bunga sem gæti verið eldri minjar og sama gæti átt við mishæðir sem eru

sunnan við. Fjargata liggur þvert yfir tóftina sunnantil. Norðurgafi er mjög ógreinilegur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Nokkur örnefni, 20; Ö-Ak, 10; HH

**Ey-303:010** “Hamrastekkur” stekkjartóft

65°38.867 N 18°07.483 V


“Nærri miðjum Ytridal, utan við Brunnána, var svonefndur Stekkur.” segir í örnefnalýsingu og í Söguminjaskrá HH er bætt við: “Hamrastekkur var uppi í fjallinu í svonefndum Ytridal.(Mun vera óskemmdur). Tættur hans eru v. Brunnána (austurbakka) skömmu eftir að hún kemur niður í dalinn.” Stekkjartóftin er ofarlega á Ytridal, í tungu milli tveggja lækja (Brunnánin mun vera sá syðri) og er hún um 30 m vestan við ármótin, fast á norðurbakka Brunnárinnar. Í

grunnu dalverpi, undir háum klettum að sunnan, en lágu holti með flagmóum að norðan. Í kringum tóftina og meðfram læknum í dalbotninum er grösugt með mýrardrögum, en fjær eru lyngmóar og flagmóar.

Veggir hafa sennilega verið alveg grjóthlaðnir og er í stærra hólfinu hlaðin lítil kró sem gæti verið yngri en stekkurinn sjálfur (smalakofi?). Kró þessi er 1,5x1 m að innan en hólfið sem hún er hlaðin inni er 4x3 m að innanmáli. á því eru dyr til A. Í NV horninu standa enn 6 umför af grjóti í hleðslunni. Norðan við þetta hólfi er annað minna, lambakróin, 2,5x2 m að innan en sunnan við dyrnar á stærra hólfinu hefur verið hlaðið aðhald í vinkil og er hvor armur um 2 m á lengd.

Hættumat: engin hætta

Nokkur örnefni, 20, sbr. Ö-Ak, 10; HH.



Ey-303:011 “Gerði” /
“Hamragerði”

2 tóftir + garður

65°39.159N 18°07.285 V

“Nokkru vestan við Enni eru Gerðistöftir, sennilega gamall stekkur, en þar fyrir ofan heita Gerðisklappir og Geitakofahöll.” segir í örnefnalýsingu.

Hamragerðis er einnig getið í jarðabók frá 1712: “Girðing er í kringum stekkjastæði jarðarinnar ei ólík fornum túngarði. Samt leikur enginn rómur á að hjer hafi bygð verið, en nokkrar grasi vaxnar tóftarústir sjást hjer í kringum stekkin. Hamragerði er þetta kallað almennilega. Ekki má hjer aftur byggja, því heimajörðin má heyskaparins ei án vera.” JÁM X, 207. ‘Hamragerdi’ er sýnt á landamerkaupprætti frá 1778, rétt sunnan við merkin við Naust og vestan við Skjólborg - Afrising Nausta og Eyrarlands Landamerkia 1778 - Þjsks (pr. í Akureyri. Fjaran og innbærinn, 11). Enn segir í

örnefnalýsingu: “...neðan við [Geitakofahall] er tóttarbrot, sem heitir Gerði, talið gamalt eyðibýli, mun hafa heitið Hamragerði. ... Þaðan í suður liggur sundurslitinn klettarani, Gerðisklöpp.” Helgi Hallgrímsson lýsir minjum þessum svo í söguminjaskrá: “Hamragerði, sem nú er oftast nefnt Gerði eða Gerðistöftir (ÞÞ) er allangt NV af Hömrum, ofan við svonefnda Skjólborg og norðan við svon. Gerðisklöpp. Þar voru allmiklar tættur til skamms tíma og túngarður utanum, en hafa nýlega (1979) verið skemmdar af framræsluskurði og ræktun”

Tóftir Hamragerðis eru á allstóru svæði fast við norðurmerki Hamra, beint vestur af Skjólborg og talsvert norðar en Gerðisklöpp. Tóftirnar eru í fremur deiglendri aflíðandi hlíð og hafa verið allmiklir mýrarflákar fyrir neðan (austan). Nú hafa þær mýrar verið ræstar fram og hafa framræsluskurðir verið grafnir milli tóftanna og þétt upp að þeim og sennilega skemmt þær eitthvað.

Í Ö-Ak, 11 er ranglega talið að Gerðistöftir séu í Kjarnalandi og á loftmynd í SS 1993 er Hamragerði sýnt allmiklu sunnar og austar en það er. Rústasvæðið er í aðalatriðum tvískipt og er lækjarsytra á milli. Sunnan við hana er aðaltóftaþyrpingin (B) á allstórum hól, tvær minni og óljósari rústabungur og túngarður vestan við. Norðan við lækinn, um 55 m frá B er allstór tóft (C) allmiklu hærra uppi í brekkunni, einnig á allstórum rústahól. A er túngarðurinn. Af honum sjást um 70 m en hann er mjög blásinn syðst og er þar í honum stór rof. Nyrst, fyrir ofan B, er garðurinn hinsvegar mjög stæðilegur, um 3 m breiður og 2 m hár. Hann endar snögglega við lækjarfarveginn og er ekki augljóst hvort hann hefur beygt niður með læknum eða haldið áfram norðan við hann. B er tóftaþyrping á syðri bakka lækjarins, um 30 m austan við túngarðinn. Hún skiptist í fjögur eða fimm hólf og eru tvö nyrðri hólfín mjög óljós, en í SV horni er hólf sem er 4x2 að innan og í SA horni er hólf sem er 3x2 að innan og annað minna fast vestan við það og innangengt á milli, sem er 2x2. Veggja hæð er allt að 0,7 m en útveggir mjög ógreinilegir. C er aflöng, tví- eða þrískipt tóft, um 17x7 m að utanmáli og snýr N-S. Syðsta hólfíð er 2x2 m en miðhólfíð 3x2 að innanmáli. Nyrsta hólfíð er mjög ógreinilegt. Hólfín eru mjög djúp, allt að 1,3 m, en tóftin er þó mjög samansigin, með afarþykkum veggjum og eru ytri mörk óljós. Fyrir neðan tóftina er

kargapýfi í hallanum og gætu þar verið fleiri rústir. D er óljóst þúfnahorn milli A og B og myndar það u.þ.b. 5x3 m stóran reit. E er grænn hól blásinn í kollin sem gæti verið rústahóll fyrir sunnan og neðan B.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar;

Heimildir: Nokkur örnefni, 20; JÁM X, 207; Ö-Ak, 10; HH.

Ey-303:012 heimild um geitakofa

65°39.040 N 18°07.286 V

“Nokkru vestan við Enni eru Gerðistóftir, sennilega gamall stekkur, en þar fyrir ofan heita Gerðisklappir og Geitakofahöll.” aegir í örnefnalýsingu en HH bætir við í söguminjaskrá eftir Alfreð Steinþórssyni: “Geitakofi var á svon. Geitakofahalli, rétt f. ofan Gerðið, og sjást enn leifar hans. “

Hvergi sér til tófta á eða í nánd við Geitakofahall og má vera að HH eigi við tóftina C sem hér er talin með Hamragerði. Hallið sjálf er mjög blásið að ofan, en ofan og sunnan við það er illa farinn flagmór. Norðan og neðanvið eru móar og síðan framræstar mýrar.

Heimildir: Nokkur örnefni, 20; HH;

Ey-304 Kjarni

36 hdr. 1712. Konungsjörð. Hamrar hafa snemma byggst úr landi Kjarna. 1712 hafði Litli-Kjarni verið byggður við heimabæinn upp úr geldnautafjósi fyrir um 60 árum, afdeildur einasta að túni og engjum og taldist fjórðungur jarðarinnar. Steinagerði var önnur hjáleiga eða partur af jörðinni, byggð fyrir manna minni í úthögum og taldist annar fjórðungur 1712. Í lok 19. alda risu þurrabýli austast í landi Kjarna, Brunná, Nýibær 1892, Lækarbakki og Vegamót 1899. Akureyrarbær keypti jörðina 1910. Kjarni fór í eyði 1942. Mestur hluti Kjarnalands hefur nú verið lagður undir skógrækt en Skógræktarfélag Eyfirðinga hóf skógrækt þar 1947.

1917: 4.4 ha. 3/4 slétt. Garðar 430 m². Frá 1917 hefur túnið verið stækkað um þriðjung eða svo til austurs og annan þriðjung til austurs. Allt túnið er þokkalega slétt

og hefur sennilega verið unnið með stórvirkum vinnuvélum, a.m.k. að hluta. Eftir endilöngu gamla túninu (A-V) er nú tví- eða þríbreitt trjábelti en annars hefur skógi ekki verið plantað í túnið að því er virðist, en hinsvegar þétt upp að því, allsstaðar nema að suðvestan.

Ey-304:001 bæjarhóll

65°38.695 N 18°05.620 V

“Bærinn mun hafa staðið í Kjarnatúni sunnan Brunnár og hefur verið sléttað yfir tóttirnar, en greina má þær á hólkoli nálægt miðju.” segir Helgi Hallgrímsson í söguminjaskrá en Jóhann Ögmundsson segir í endurminningum sínum frá 1981: “Ofanvert í skóginum er allstórt bílastæði og vestan þess er stórþýfð og grýtt skógarbrekka en á lítilli hæð austan þessa bílastæðis stóð bærinn.”

Bæjarhóllinn er ávöl bunga efst í Kjarnatúni, NV við þar sem trjábelti, sem liggur A-V eftir túninu endilöngu, endar til V. Bílvegurinn sem liggur upp meðfram túninu sunnanvið endar í bílastæði sem er fast sunnan við/utaní hólnum. Vestan við hóllinn er göngustígur.

Í sléttuðu túni og er bílastæði utaní hóllinn sunnanmeginn en ofaní hóllinn, þar sem hann er hæstur, hefur verið rekinn einhverskonar skúlptúr, útskornir trédrumbar í hring og einn mestur í miðjunni. Drumbar þessir eru ekki litlir og hafa eflaust skemmt mannvistarlög sem undir eru.

1814: “Búið var að framkvæma gagngerða viðgerð á bænum. Garður er þar og honum skipt í tvennt. Eru snjöll spakmæli rituð yfir hliðinu og tilhögun á honum smekkvísleg. Lækjarspræna er þar til að vökva hann og er henni veitt þangað frá myllu sem er þar skammt frá.” E. Henderson, Ferðabók.

1981: “Bæjarþilin snéru móti austri og voru bæjardyr fyrir miðju. Er komið var inn í bæjardyrnar, voru dyr til vinstri og voru að Suðurstofu. En til hægri voru dyr að Norðurstofu og auðsjáanlega var Norðurstofa viðhafnarstofa, eins og við Kolbeinn [Ögmundsson] munum hana. Hún var þiljuð í hól og gólf og á veggjum var brjóstpanel sem kallað var og hef ég hvergi séð þann frágang nema í þessari stofu á Kjarna.

Norðurstofa var gömul, líklega byggð af Gunnlaugi Briem sýslumanni 1807-

1815. Heimildir eru til um það, að Gunnlaugur hafi bætt mjög húsakynni á Kjarna er hann bjó þar.

Ég held að segja megi að stofan hafi verið skrautmáluð á fyrri tíð því enn mátti, þegar ég man eftir, sjá útlúr á málningunni á veggjunum.

Inn af Norðurstofu eða vestur af henni voru tvö lítil herbergi og úr öðru þeirra lá stigi upp á loftið. Loftið var allt þiljað og vandlega málað.

Á Norðurstofu voru tveir gluggar til austurs. En við skulum halda vestur, inn göngin, sem voru þiljuð alveg inn að baðstofu. Til vinstri var stigi upp á loft yfir Suðurstofu. En innarlega í göngunum voru dyr til hægri inn í gamla hlóðældhúsið.

Nærri beint á móti hlóðældhúsinu vinstra megin var búrið, allt þiljað í hólf og gólf og undir því kjallari. Göngin enduðu við baðstofuna og hún var stór og öll þiljuð, í fjórum hólfum og öll máluð.

Undir allri baðstofunni var fjósið og voru í því átta básar. Skammt frá baðstofudyrum voru dyr sem lágu inn í fjósið, en afi [Jóhann Frímann Jóakimsson - bjó á Kjarna 1920-42] notaði hvorki baðstofuna né fjósið undir henni. Hann byggði fjós norð-vestan við bæinn.

Norður af hlóðældhúsinu var eldiviðarkofi. Þykkir torf- og grjótveggir voru milli allra þessara húsa. Suðurstofan var sýnilega mun yngri en Norðurstofan og hinir ýmsu bæjarhlutar aðrir.

Suðurstofan var líklega tæpir fjórir metrar því fyrir suðurhlið stóðu tvö rúm enda við enda. Lengd Suðurstofu mun hafa nálgast fimm metra. Á stofunni voru tveir gluggar til austurs. Að sunnan að sjá voru þrjár burstir á bænum, tvær gluggalausar. Aðeins á burst yfir suðurstofu var gluggi. Í austur var ein burst yfir Norðurstofu. Sunnan við suðurstofuna var skemman, skammt sunnan við." Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 39-40;

1981: "... um eða rétt eftir 1950 var þessi gamli bær jafnaður við jörð og mun innrétting Norðurstofu hafa lent í árefti í fjárhúspaki norður við Glerá." Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 41-42

1996: Hóll þessi hefur verið mjög stór en útlit er fyrir að mjög rækilega hafi verið

sléttað úr honum og má vera að honum hafi verið rutt niður að miklu leyti. Ekki sést lengur til neinna tófta eins og HH getur um. Af loftmynd frá 1954 má sjá að þá hefur verið búið að sléta yfir hólinn.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar

Heimildir: Henderson: Ferðabók; Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 39;

Túnakort 1917; Ö-Ak; HH.

Ey-304:002 heimild um útihús

65°38.683 N 18.05.687 V

Tóftin er við NV horn sáðreitsins, sem sýndur er á túnakorti og enn er nokkuð eftir af. Tóft og garður eru á litlum trjálausum reit beint V af bæjarhólnum 001. Skógarjaðar er um 5 m frá norðan og vestan við garðinn og tóftina en skurður og síðan göngustígur eru sunnan og austan og milli tóftar og bæjarhóls. Í grösugum móa, áður tún.

Tóftin sést illa fyrir gróðri og er varla annað en regluleg lægð. Þykkt veggja verður ekki greind. Kálgarðurinn hefur verið all stæðilegt mannvirki og sjást nú 8 m af norðurvegg, 10 m af vesturvegg og um 1 m af suðurvegg vestast. Vegirnir standa um 1-1,5 m, og eru um 1,5 m á þykkt. Í NV horni er stórt bjarg. SA horn garðsins hefur sennilega verið skemmt við skurðgröft og/eða vegagerð. Á loftmynd frá 1954 sést tóft þessi vel og hefur hún verið aðeins norðan við hornið á garðinum og aðeins lengri frá A til V en N til S en þó mjög lítil.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-304:003 heimild um fjárhús

65°38.697 N 18°05.649 V

“Sunnan við bæinn var hlaða og fjárhús ...” segir Jóhann Ögmundsson í endurminningum sínum. Bílastæði með hlöðnum köntum hefur verið grafið inn í hólinn á þessum stað og hefur sennilega farið utan í þessi fjárhús eða alveg fast að þeim. Hús þessi hafa staðið á bæjarhólnum eða í suðurkanti hans og hafa varla verið meira en 10-20 m milli þeirra og bæjarins

Af loftmynd frá 1954 má sjá að á þessum stað voru þá tvær tóftir, önnur aflöng,

á.a.g. 15 m frá A til V, og lítil tóft áföst á NA horni, svipuð að stærð og 002. Um 5 m S við þessa löngu tóft er önnur minni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 40

Ey-304:004 heimild um fjárhús 65°38.696 N 18°05.335 V

“... gömlu fjárhúsin voru neðst á túninu, annað nyrst og hitt syðst.” segir Jóhann Ögmundsson í endurminningum sínum. Hús þessi hafa verið um 15 m norðan við veg, sem liggur meðfram gamla túninu að sunnan, um 10 m sunnan við trjábelti sem liggur eftir túninu endilöngu. Á móts við salernisskúr sem er sunnan í vegkantinum.

Sléttað hefur verið yfir tóftina - milli 1945 og 1954 eins og sjá má af loftmyndum - en sér þó aðeins móta fyrir henni á um 5x5 m beltum sem eilítili upphækkun í túninu og hvílt ofaní. Þar sér einnig í grjót í grassverðinum. Þetta er ekki eina mishæðin í túninu. Önnur stærri, sem einnig kæmi til greina, er rétt SV við, nær veginum.

Hættumat: hættavegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 40

Ey-304:005 “Stekkjjarhólmi” 65°38.747 N 18°03.904 V

“Stekkjjarhólmi var sunnan við þjóðveginn austur, þar sem nú er skeiðvöllur Hestamannafélagsins Léttis.” segir í örnefnalýsingu. Stekkjjarhólmi er flatur og eru háir og harðir bakkar en lægra og blautlendara í miðju. Hólminn er svo að segja landfastur nyrst og syðst og er aðeins blautur kíll sem aðskilur hann frá fastlandinu.

Engar tóftir eru sjáanlegar í Stekkjjarhólma.

Heimild: Nokkur örnefni, 18

Ey-304:006 “Steinagerði” býli 65°38.790 N 18°05.307 V

“Lítið eitt norðaustan við Kjarna var býlið Steinagerði. Þar er nú uppeldisstöð trjáplantna.” segir í örnefnalýsingu. Steinagerði “Stóð skammt f. norðan Brunnána á litlum hól þar sem nú er hús Skógræktarfélag Eyf. Rústir eru enn sýnilegar og hluti af

túngarði.” segir í söguminjaskrá HH. Steinagerði mun hafa verið í rjóðri því þar sem nú er grillhýsi og leiktæki fyrir börn, sennilega uppi í brekkunni fyrir ofan hýsið nálægt því sem nú er flaggstöng.

Á allstóru svæði hefur landslagi verið umturnað, sennilega oft. Pallar hafa verið gerðir í brekkuna þar sem gerðið hefur verið og er skógur allt í kring og nokkur tré á stangli í rjóðrinu.

1712: “Steinagerde, hjáleiga eður partur af jörðunni. Bygt fyrir manna minni í úthögum, út og niður frá heimajörðinni, og reiknast fjórðungur allrar jarðarinnar ... Fóðrast kann i kýrþungi, að meðreiknuðum þeim litla túnparti, sem kotið á í heimajörðinni.” JÁM X, 208-209;. - staðurinn er sýndur á loftmynd nr. 16 og 23 í SS1993. Steinagerðishólmi var austur af Galtalæk, u.þ.b. þar sem flugstöðin er nú - þar hefur hjáleigan átt engjaslægjur. Talið er að búið hafi verið í Steinagerði fram um síðustu aldamót en heimildir um byggð þar á 18. og 19. öld eru ekki miklar.

Fyrsti trjáreitur skógræktarfélagssins virðist hafa verið settur ofan í Steinagerðistún og sést smástubbur af garðlagi norðan við reitinn á loftmynd frá 1954, sem gæti hafa tilheyrt gerðinu þó hann gæti einnig verið yngri. HH virðist hafa talið að Steinagerði sé sama og tóftirnar 024 og er það raunar ekki útilokað.

Hættumat: hættavegna rasks

Heimildir: JÁM X, 208-209; Nokkur örnefni, 19; Ö-Ak; HH

Ey-304:007 “Soffíugerði” heimild um bústað

“sunnan og neðan við [Kjarnatúnið gamla] var eyðibýlið Soffíugerði” segir í Ö-Ak og tekur HH það einnig upp án frekari athugasemda. Fáir virðast nú kannast við þetta örnefni og eru engar tóftir auðsæilegar á svæðinu sem þessi lýsing gæti átt við en mögulegt að um sama stað sé að ræða og 026.

Heimildir: Ö-Ak; HH

Ey-304:008 “Litli-Kjarni” tóftir býlis, síðar útihúsa 65°38.681 N 18°05.708 V
 “Syðst og efst í Kjarnatúni var um eitt skeið bær er nefndur var Litli-Kjarni.” segir í
 örnefnalýsingu en Jóhann Ögmundsson getur þess í endurminningum sínum frá 1981
 að “Allt túnið og talsvert meira land var girt og efst í suðvesturhorninu á þeirri girðingu
 voru gamlar húsatóftir og alltaf kallaðar Litli-Kjarni.”



Tóft er beint S af 002, um 10 m V við veg sem liggur upp á bæjarhólinn að sunnan og um 5 m S af göngustíg sem liggur af veginum uppeftir Kjarnalandi. Áður í túni, en hér hefur miklu verið bylt. Kafgras er A við tóftina, milli vegar og hennar, en V við er lyngmóablettur. Bratt niður S af niður að Kjarnalæk.

1712: “Litle Kjarne, heitir lítill bær bygður við heimabæinn upp úr geldnautafjósi, fyrir hjer um 60 árum, og er nú haldinn fjórðungur allrar jarðarinnar, afdeildur einasta að túni og engjum. ... Fóðrast kann ij kýrþungi.” JÁM X, 208;

HH telur að þetta hafi e.t.v. líka verið kallað Kjarnakot. Á loftmyndum í SS1993 er Litli-Kjarni sýndur í suðausturhorni túnsins en það er villa.

Tóftin, sem nú er sýnileg, er allstæðilegt fjárhús (7x2,5 m innan) með garða og heytóft (5x2 m innan) sunnan við. Dyr eru á fjárhúsinu nyrst á eystri langvegg. Tóftin er byggð utaní túngarð, sem sést spölur af bæði norðan og sunnan við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 208; Nokkur örnefni, 19; Ö-Ak; HH; Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 40

Ey-304:009 “Kjarnastekkur” stekkjartóft

65°38.659 N 18°06.339 V

“Tóttir Kjarnastekks eru sunnan [Kjarnakambs] á vallgrónum bletti...” - “Suður og upp af Imbuhól er Kjarnastekkur, gamalt eyðibýli, stendur það undir Kaffiklauf” segir í örnefnalýsingum.


Stekkjartóftin er alls ekki sunnan við Kjarnakamb heldur miklu frekar norðan eða norðvestan. Hún er á litlum túnbletti, beint suður af Efri-Imbuhól og er grenitrjáreitur á milli. Tóftin er um 75 m V við vegarslóða sem liggur upp og úteftir landareigninni, mælt frá salerniskofa sem þar er við lítinn trjáreit vestan við slóðann. Tóftin er í sléttuðu túni og hefur verið sléttað fast upp að henni. Skammt

er að Kjarnalæk sunnan við (50 m) og handan við hann tekur við stórgrýtisurð í hlíðarrótum. Norðan við er trjáreitur í grasi gróinni brekkur en lengra frá eru Imbuhólarnir tveir báðir gróðurlausir. Nú er skógur allsstaðar í grennd en hefur áður verið mói og blásin holt.

Tóftin er tvískipt, snýr N-S og er króin í N-enda. S-endinn hefur skaddast líklega vegna túnsléttunnar. Grjót sést á einum stað í V-vegg. Það er ekkert við þessa tóft sem bendir til að þarna hafi nokkur tíma verið mannbústaður, hún er í alla staði eins og venjulegur stekkur. Hinsvegar er hún á lágri og ávalri, svolítið böllóttri, bungu sem gæti verið mannvirkjaleifar og túnið í kring gæti bent til að þar hafi verið túnskækill lengi.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Ak, 11; Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 45




Ey-304:010 2 tóftir beitarhúsa 65°38.337 N 18°06.800 V

“Syðst og neðst heita [klettarnir ofan við Kjarna] Lönguklettar, þá tekur við klettalaus kambur, sem Kjarnakambur nefnist. Þar upp af kambinum var eitt sinn stekkur.” segir í örnefnalýsingu og gæti hún átt við þennan stað (en ekki 023) sem er talsvert langt upp með Kjarnalæk, fyrir ofan Kaffiklauf, um 200-300 m beint í A frá gamla skátaskálanum fyrir botni Syðridals og um 100 m norðan við vírgirðingu sem liggur A-V þvert á hlíðina.

Tóftirnar eru í smápýfðum grasmóa og standa undir allbröttu holti, sem er gróðursnautt efst. Í kringum móann (100-250 m) eru gróðurlítill holt. Stærri tóftin er um 20 m norðan við Kjarnalæk.

Á þessum stað eru tvær tvískiptar tóftir. Sú stærri, sem ugglaut er eftir beitarhús, er 15x5 m (utan) með garða austan til og snýr A-V með dyr vestast á syðri langvegg. Undan vesturenda virðast ganga eldri veggir, um 1 m, en jafnbreiðir. Minni tóft er áföst N-langvegg, heldur austar en á miðju, og er 5x4 m að innanmáli. Sú tóft stendur ekki jafnhátt og hin og gæti verið eldri bygging sem hin var byggð ofan í að hluta, eða að um heytóft með lítilfjörlegri veggjum er að ræða. Veggirnir í þessari minni tóft eru meira hlaupnir í þúfur og er hún mögulega tvískipt. Í stærri tóftinni sést grjót í vegghleðslum á stöku stað en veggir hennar eru um 1,5 m þykkir. Tóft þessi stendur allhátt á breiðum rústahól. Í heild er



tóft þessi 15x12 m að utanmáli. Hin tóftin er um 20 m norðar og er svo að segja byggð inn í brekkuna. Hún skiptist einnig í tvö hólf, en er öll minni og með mun lítilfjörlegri veggjum (0,5-0,75 m breiðum, 0,3-0,5 m háum). Annað hólfið snýr N-S og er um 2 m á breidd að innan og eru engar dyr sýnilegar á því. Hitt er við N-enda þess og snýr A-V. Það er um 1,5 m á breidd að innan og sýnist hafa dyr á NA horni. Í þessu hólfi sést grjótt í veggjum á stöku stað. Í heild er þessi tóft 10 x 7 m að utanmáli. Hún hefur sennilega verið stekkur.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Ak, 11

Ey-304:011 “Kjarnasel” 5 tóftir


65°38.164 N 18°07.115 V

Tóftirnar eru í viki milli tveggja klettaholta, um 30 m A við lækinn sem rennur niður Lækjardal. Frá þessum stað er skammt (líkl. innan við 100 m) suður að merkjagirðingu.

Staðurinn er u.þ.b. 200 m ANA frá vörðunni Ey-305:011 og sést í hana frá þessu stað.

Selið er aðeins norðar og austar en sýnt er á loftmynd 17 í SS 1993.

Tóftirnar eru í um 50 m breiðu viki, þar sem er lítt grösugur lyngmói. Fyrir sunnan og norðan eru gróðurlaus holt, en austan en þó einkanlega vestan og ofan eru allmikil mýrardrög og grjótholt og flagmóar á milli. Tæplega hafa þar verið engi en víðáttumikil



beitilönd eru í vestur frá þessum stað og upp á Súlumýrar. Smávegis uppblástur er norðaustan við tóftirnar.

Syðst og austast er tóft (A) sem er hærra uppi í brekkunni en hinar, snýr, N-S og er um 7x2 m að innanmáli, með um 1,5 m breiðum veggjum sem eru 1 m háir að innan en hærri að utan vegna þess hve hætt uppi í brattri brekkunni tóftin er byggð. Dyr eru nyrst á A-langvegg. Gróðurinn á þessari tóft er meira gras og miklu grænni en á hinum og er hún væntanlega yngst. Fast norðan við þessa tóft eru djúpar fjárgötur sem liggja í boga þvert yfir vikið en norðan við þær, um 12 m, er önnur tóft (B) sem snýr u.þ.b. A-V og er hún 10x5 að utanmáli en 2 m á breidd að innan. Hún er um 30 m A við lækinn í Lækjardal. Dyr eru á A-gafla. Grjót sést í veggjum sem eru 1,5-2 m breiðir og standa um 1,5 m að utan en 0,5 m að innan. Um 3 m A við þessa tóft er 8x5 m (utan) girðing eða rétt (C) byggð utan í holtið, með dyr í V. Veggir standa um 0,5 m og eru mjórri en í B. 3 m sunnar er agnarsmá tóft (D), ekki meira en 3x2,5 m að utanmáli og eru dyr á V-vegg. 3 m sunnan við þessa tóft er önnur þrískipt (E). Hún snýr u.þ.b. A-V og er 13x8 m að utanmáli. Norðan er eitt langt hólf og annað jafnbreitt fram af V-gafla þess og eru dyr aðeins á miðjum langvegg langa hólfins. Í veggjum þess sést í grjót og eru þeir um 0,5 m háir. Sunnar er annað aflangt hólf en mun styttra, eða um 7 m að utan. Það stendur mun hærra en hin hólfín, veggjahæð um 1 m að utan en 0,5 að innan. Af þesum tóftum virðist A yngst en E elst ef dæma má af gróðurfari.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: HH, sem þó tilgreinir ekki staðsetningu og Ö-Ak minnst ekki á þetta sel en í SS 1993 er Kjarnasel sýnt á loftmynd nr. 17.

Ey-304:012 “Kirkjusteinn”

65°38.561 N 18°06.185 V

“Í [Kjarnahrauni] sunnarlega er stór steinn með húslagi, sem nefndur var Kirkjusteinn.” segir í örnefnalýsingu. Kirkjusteinn er stór drangur sem oltið hefur úr Arnarkletti og farið heldur lengra en önnur björg úr sömu átt og stendur því einn og sér. Steinninn er í geilinni milli Arnarkletts og Kjarnakambs, um 70-100 m SV við veginn sem liggur upp og úteftir landareigninni.

Drangur þessi, eða a.m.k. það sem sést af honum ofanjarðar, er þríhyrndur og með tiltölulega sléttar hliðar og er hann ásýndar eins og burst á bæ. Hann er um 10 m á

lengd, 3 m á hæð og aðrir 3 á breidd. Ekki virðast vera til neinar sagnir um að í steini þessum hafi búið álfar en nafnið gæti bent til að svo hafi einhverntíma verið talið.

Heimildir: Nokkur örnefni, 19 sbr Ö-Ak, 11; Sýndur á loftmynd nr. 18 í SS 1993.

Ey-304:013 “Brunná” heimild um bústað 65°38.811 N 18°04.553 V

“Spölkorn sunnan við Lækjarbakka er býlið Brunná. Það stendur við samnefnda á, sem fellur um Brunnárgil og Brunnáreyrar.” segir í örnefnalýsingu. Fast á norðurbakka Brunnár, neðan (A) við þjóðveginn er svolítill upphækkun um 15 m þvermál suðvestast í þríhyrndum túnskækli sem myndast milli Brunnár að sunnan og skurðar sem liggur A-V að norðan og þjóðveginum að vestan. Óslétt tún, slétt uppað upphækkuninni.

Hús voru í smíðum á Brunnáreyri 1889 og var þar síðan kaffisala og nokkur búskapur. Fór í eyði um 1930 en 1946 var nýbýli með sama nafni byggt beint upp af gamla bæjarstæðinu. Búskapur var takmarkaður og lagðist alveg af 1957. Skv túnakorti var aðeins ein bygging á Brunná, bæjarhúsin, en túnið var 1.8 ha, einn kálgarður var utantúns 270 m². Símsstrengur hefur verið grafinn í skurði þvert í gegnum bæjarstæðið vestanvert. Tvö hús (frekar en heysátur) sjást á þessum stað á loftmynd frá 1954. Húsin gætu verið braggar.

Hættumat: hætta vegna malarnáms;

Heimildir: Nokkur örnefni, 19; Túnakort 1917; BE1990; Saga Akureyrar II, 85.

Ey-304:014 “Kjarnagrafir” mógrafir 65°39.053 N 18°05.571 V

“Magnúsarhóll heitir hár kringlóttur hóll sem stendur einn sjer skammt norður af bænum Kjarna. Nafnið er dregið af því að einhver Magnús sem bjó á Kjarna, tók fyrstur upp mó sunnan við þennan hól.” - “Neðst og syðst [í Krossholti] er Magnúsarhóll og eru mógrafir miklar sunnan við hólinn. Sagt er að hann dragi nafn af manni, er úti varð við hólinn ...” segir í örnefnalýsingum.

Grafirnar eru suðaustan við Magnúsarhól, milli hólsins og vegar sem liggur frá Naustum að Kjarnaskógi. Við suðurbrún grafanna sem nú sjást er uppþornaður lækjarfarvegur en af loftmynd frá 1954 má sjá að grafirnar hafa náð miklu lengra í

suður og vestur og náð yfir þrisvar sinnum stærra svæði en nú sést. Hitt hefur verið sléttað undir tún. Þýfður mói, framræst mýri.

1712: “Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei.” JÁM X, 208 - “Suður og niður af Krossholti en norður af Kjarnagröfum er Magnúsarhóll.” segir ennfremur í Ö-Ak. Vel sér enn móta fyrir gröfum á svæði sem er um 50 m frá N til S en 60 m frá A til V. Suðvestantil eru nokkrar litlar og djúpar grafir en norðaustantil hefur mórinn verið tekinn mun grynna en af stærra svæði. 1954 náðu grafirnar 60-70 m lengra í suður og annað eins í vestur upp í kverkina sem lækurinn fellur um, og mynduðu grafirnar þannig vinkillaga svæði utanum Magnúsarhól.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Lárusar Thorarensen - Héraðsskjalasafnið á Ak G-40/15;

Nokkur örnefni, 20 sbr. Ö-Ak, 11.

Ey-304:015 “Vegamót” heimild um bústað 65°39.082 N 18°04.650 V
Austan við býlið Lækjarbakka, um 20 m A við Eyjafjarðarbraut og A við girðingu, þar sem nú er runnaræktarstöð milli tveggja skjólbelta. Bærinn mun hafa staðið þar sem afleggjarinn kemur í gegnum hliðið að ræktunarstöðinni eða litlu sunnar. Þar N við hefur verið öskuhaugur á allstóru svæði. Flatlendi undir hárrí brekku, harður bakki en blautlendi úti fyrir. Öllum tóftum og landslagi hefur verið rutt niður og jafnað með ýtu og 2 símastrengir hafa einnig verið grafnir niður í gegnum bæjarstæðið með um 8 m millibili. Nú hefur sandi verið dreift yfir allt svæðið og eru runnaplöntur ræktaðar A við þar sem bærinn stóð.

“Sumarið 1899 reisti Hannes Sveinsson, titlaður í manntölum vefari, daglaunamaður og skytta, torfbæinn Vegamót.” - Saga Akureyrar II, 85. Örnefnið er merkt inn á kort í bók Steindórs Steindórssonar um Akureyri og annað í bók Jóns Hjaltasonar um sögu Akureyrar II, 85 Skv. túnakorti var aðeins eitt hús innantúns 1917, bæjarhúsið, en túnið var 0.7 ha en utan við það 1290 m² garður.

Einar Hallgrímsson f. á Munkapverá 1928 benti á hvar Vegamótabærinn hefði staðið en hann hafði eftir Halldóri Kristjánssyni sem lengi bjó á Lækjarbakka. Reiðgötur

lágu rétt N við bæjarstæðið austur yfir að hólmunum og mun nafnið af þeim Vegamótum dregið. Á loftmynd frá 1954 sést að tvö hús voru enn á þessum stað, eitt langt frá N-S og annað minna fast austan við það.

Hættumat: hættavegna rasks;

Heimildir: Túnakort 1917; Saga Akureyrar II, 85.

Ey-304:016 “Steinmenn” landamerkjavörður 65°38.162 N 18°08.325 V

“Steinmenn heita þrjár vörður sem hlaðnar eru í línu upp að Stórhæð og eru þær landamerki milli Kjarna og Hvamms.” segir í örnefnalýsingu. Steinmenn eru austantil á Súlumýrum og er sá austasti raunar ekki varða heldur stakur klettadrangur með sérkennilegt höfuðlag. Vestasta varðan stendur vel en sú í miðið er hrúnin. Á milli þeirra eru 200-300 m. Ónýt girðing er 20-30 m sunnan við vörðurnar meira og minna alla leiðina. Frá vestustu vörðu sést ekki í dranginn, en hann og veststa varðan sjást frá þeirri í miðið. Vörðurnar eru uppi á klapparholtum, en breið og blaut mýrarsund eru á milli.

SS segir að austast á Súlumýrum sé klettahæð “með tveimur dröngum upp úr, 7-8 m. háum, [og heiti] þeir Steinmenn.” Ö-Ak, 12. Þetta er misskilningur, engir slíkir drangar eru á þessum slóðum en sunnan við ónýtu girðinguna eru 2 klettahæðir, aflangar frá N-S sem standa mjög hátt upp úr mýrunum.

Vestasta varðan er um 1,2 m hæð. Miðvarðan er úr hellugrjóti og er alveg hrúnin en hrúgan er samt um 0,5 m há og sést býsna langt að. Austasti Steinmaðurinn, drangurinn, er 2 m hár og sést af honum niður að Eyjafjarðará og má af þeim stað átta sig á suðurmerkjum Kjarnalands alla leið milli ár og fjalls. Drangarnir á þessum stað eru raunar 2, en sá nyrðri er mjórri og 'mennskari'. Á honum er eins og mannshöfuð og á nafnið 'Steinmenn' eflaust rót sína að rekja til hans.

Heimildir: Örnefnaskrá Lárusar Thorarensen - Héraðsskjalasafnið á Ak - G-40/15;

Nokkur örnefni, 19

Ey-304:017 “Nýibær” heimild um bústaður 65°39.254 N 18°04.824 V

Kotið Nýibær stóð í kriknum austan við Eyjafjarðarbraut en sunnan við afleggjarann að flugstöðinni. Ekki er nú neinar rústir að sjá á þessum stað og hafa þær sennilega lent undir öðrum hvorum veginum. Um 15 m austan við Eyjafjarðarbraut er mýrlendi og síðan skurður eða gamall kíll milli lands og hólma. Kofinn hlýtur því að hafa staðið mjög skammt austan við Eyjafjarðarbraut eða undir henni.

“... 1892 lét hreppstjórnin í Hrafnagilshreppi byggja lítinn torfkofa yfir tvær vegalausar fjölskyldur er höfðu búið á Akureyri en voru sveitfastar í hreppnum. Fékk sá nafnið Nýibær.”

Hættumat: hætta vegna rasks

Heimild: Saga Akureyrar II, 85

Ey-304:018 “Lækjarbakki” bústaður 65°39.099 N 18°04.748 V

Lækjarbakki er norðarlega í Kjarnalandi, skammt vestan við Drottningarbraut. Þar stendur enn gamall íbúðarskúr. Á sléttlendi, í brekkurótum, vallendi í brekkunum ofan (V) við og hefur þar verið einskonar túnstæði.

“Um haustið ... 1899 byggði ekkjan Kristín Jónína Jónsdóttir lítinn kofa andspænis Vegamótum ... er fékk nafnið Lækjarbakki.” Saga Akureyrar II, 85. Torfkofinn sem þá var reistur stóð enn 1940 en var þá sagður “lélegur og lítt hæfur til mannabústaðar.” Hann var rifinn 1945 og nýtt íbúðarhús byggt á sama stað. Búskap var hætt 1959. Braggi stóð lengi norðan við íbúðarskúrinn sem nú er.

Hættumat: hætta vegna rasks;

Heimildir: BE 1990, 715; Saga Akureyrar II, 85.

Ey-304:019 “Torfhóll” heimild um mótak

“Fyrir utan Krossholt er flói allmikill og í honum miðjum hóll er Torfhóll nefnist. Sunnan við hólinn heitir Syðrifló, en Ytrifló að norðan. Miklar mógrafir eru í flóunum.” segir í örnefnalýsingu Kjarna. Hinsvegar segir í lýsingu örnefna í Hamralandi að Krossholt sé yst og neðst í þeirri landareign og að þar hafi verið þurrkaður svörður.

Hér er sennilega eitthvað málum blandið. Ósennilegt er að hóll sem á að vera utan við Krossholt geti verið í Kjarnalandi eins og gert er ráð fyrir í Ö-Ak, 11- nær væri að hafa hann í Hamralandi eða jafnvel Nausta. Þessi staðir eru ekki sýndir á loftmyndum í SS 1993. Hugsanlegt er að Torfhóll sé eldra nafn á Magnúsarhól og að þetta séu sömu mógrafir og voru sunnan við hann. Líklegra er þó að Torfhóll sé hóllinn utan og vestan við Magnúsarhól, í landi Hamra, og að þetta eigi við sama mótakið og Ey-303:004.

Heimildir: Nokkur örnefni, 20 sbr. Ö-Ak, 10, 11.

Ey-304:020 heimild um vatnsból

Jóhann Ögmundsson segir í endurminningum sínum frá 1981: “Gamla lindin suður af bænum týndist en ég fann hana í fyrrasumar og mun setja við hana merki svo hún týnist ekki öðru sinni. Vatn lindarinnar er dásamlegt drykkjarvatn, ískalt og tært. Afi minn hafði mikla trú á vatni úr þessari lind og lét stundum sækja vatn handa sér þangað ef eitthvað var að honum. Hann hafði trú á því, að vatn þetta hefði lækningamátt.”

Lind þessi fannst ekki við vettvangsathugun, þrátt fyrir nokkra leit.

Heimild: Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 39

Ey-304:021 heimild um myllu

Breski biblíuútbreiðarinn Ebenezer Henderson kom í Kjarna 1814 og segir m.a. um bæinn: “Garður er þar og honum skipt í tvennt. Eru snjöll spakmæli rituð yfir hliðinu og tilhögun á honum smekkvísleg. Lækjarspræna er þar til að vökva hann og er henni veitt þangað frá myllu sem er þar skammt frá.”

Jóhann Ögmundsson segir um þetta í endurminningum sínum: “Um mylluna sem hér segir frá veit ég ekki og hef hvergi rekist á hana á Kjarna.”

Heimildir: E. Henderson: Ferðabók; Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 41

Ey-304:022 “Kjarnakot” heimild um bústað

“Fleiri örnefni eru [í Kjarnalandi] og vil ég nefna Grænhól, sem enn má sjá sunnan og

austan við Kjarnatún. Kannski hefur Kjarnakot staðið þar.” segir Jóhann Ögmundsson í endurminningum sínum.

Það er mögulega þessi staður sem merktur er sem Litli-Kjarni á loftmyndir í SS 1993 en heimildir um byggð í Kjarnakoti eru óljósar. Það er sama með þetta örnefni og Sofffugerði 007 að ekki kannast margir við það nú. Mögulegt er að þetta séu mismunandi nöfn á sama staðnum og er það raunar líklegt, því annað á að vera 'sunnan og neðan' og hitt 'sunnan og austan' sem getur vel verið það sama. Annaðhvort eða bæði geta svo verið það sama og 026.


Heimild: Jóhann Ögmundsson: Gaman að lifa, 45.

Ey-304:023 tóft af beitarhúsum

65°38.410 N 18°06.146 V

“[á Kjarnakambi] eru tóttir af beitarhúsi eða stekki” - “Eru þar greinilegar tættur, sem gætu verið eftir beitarhús (Etv. er þetta sami stekkurinn [og 009]).” segir í örnefnalýsingum.

Tóftin er efst á Kjarnakambi, beint N-undan hamrabelti sem kamburinn gengur upp í, og um 30 m A við vegarslóða sem liggur upp kambinn. Tóftin er í grösugum móa, á litlum stalli undir hamrabelti og eru hamrar einnig austan við og þverhnipt þar niður af stallinum. Einnig er bratt niður af til N. Þar fyrir neðan evoru grashagar en nú að mestu skógur. Nokkur tré eru einnig á stallinum fast upp að tóftinni bæði að A og V.



Tóftin er tvískipt, snýr A-V. Stærri tóftin er norðanvið og er garði eftir henni endilangri en í S-enda sést ekki í hann þar sem þakefni liggur enn ofaná. Hún er 8x3 m innan og sést í grjóthleðslur allt að 4 umförum. Dyr eru nyrst á A-langvegg. Minni tóftin snýr þvert á hina og er 5x2 m að innanmáli. Þetta eru augljóslega beitarhús með heytóft aftanvið. Tóftin er mjög ungleg, bæði er hún iðjagræn og sker sig mjög frá umhverfinu að lit og svo standa hleðslur enn allhátt og þakefni enn sýnilegt. Sennilegt er að beitarhús þessi séu frá þessari öld og gætu þau hafa leyst 010 af hólmi, því ekki er sýnilegt að fleiri byggingarstig séu undir þessu. Engin tré vaxa enn í

tóftinni sjálfri en þau eru farin að skjóta sér þétt upp að henni bæði austan og vestanvið.

Hættumat: .mikil hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Ak, 11; HH

Ey-304:024 heimild um tóft

65°38.910 N 18°05.358 V

Tóft á hólnum, þar sem nú er skrifstofa og afgreiðsla Gróðrarstöðvar Skógræktarfélags Eyfirðinga sést á loftmynd frá 1954. Þá hefur þarna verið smáþýfður kringlóttur hóll, tún sléttað upp að honum norðanmeginn. Mögulega hefur gamalt túnstæði verið á hólnum. Nú er á honum timburhús og skrudgarður sunnan og austan en malarhlað að norðan.

Á myndinni sést tvískipt tóft, aflöng frá A-V. Vestar er hringlaga tóft (eða aflöng frá N-S) en austur úr henni gengur önnur ferköntuð. Mögulegt er að garður hafi verið í kring um tóftina, um 60-70 m í þvermál. Afgreiðsluhúsið er sennilega frekar vestan við tóftina en beint ofaní henni, en þar sem hún hefur verið er lítil skrudgarður. Afgreiðsluhúsið er byggt eftir 1989 en á loftmynd frá því ári má sjá að trjám hafði verið plantað á hólinn allan og hafa sum þeirra síðan verið felld til að koma húsinu og

garðinum fyrir. HH virðist hafa talið að þessi tóft, sem lítur helst út fyrir að hafa verið stekkur, sé það sama og Steinagerði, sem annars er talið heldur sunnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Loftmynd frá 1954

Ey-304:025 heimild um fjárhús

65°38.755 N 18°05.349 V

“... gömlu fjárhúsin voru neðst á túninu, annað nyrst og hitt syðst.” segir Jóhann Ögmundsson í endurminningum sínum. Hvergi sést móta fyrir þessum tóftum neðst í norðurhluta túnsins og hefur sennilega verið sléttað kyrfilega eða lent undir vegi.


Búið hefur verið að slétta þessi hús fyrir 1954 skv. loftmynd og ekki verða þau heldur greind á loftmynd frá 1945.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-304:026 gerði

65°38.618 N 18°05.382 V

Tóft þessi er í skóginum beint S af 004, yfir læk/skurð sem rennur sunnan við syðstu útrækt túnsins. Í skógarjaðri utan túns. Hefur áður verið mói en nú vaxa tré allt í kring en þó ekki í gerðinu sjálfu.



Gerðið fannst við leit að Soffúgerði og

Grænhól og gæti þetta vel verið annað hvort eða hvorttveggja. Það sést vel á loftmynd frá 1954 og er örugglega eina tóftin á svæðinu í kring. Á myndinni sést kringlóttur blettur umhverfis gerðið, 70-80 m í þvermál, sem gæti hafa verið túnstæði. Gerðið er 9x7 m að innanmáli, lengra frá A-V, nokkurnveginn ferkantað að innan en útveggir hafa sigið mjög þannig að það sýnist hringlaga. Það stendur á náttúrulegum hól og er brattast niður af austanmegin en mögulegt er að eldri minjar sé að finna undir þessu. Tveir minni hólar er við hliðina á gerðinu, annar NV við og hinn SA við og gætu þar verið tóftir. Tré vaxa á syðri hólnum.

Hættumat: mikil hætta vegna trjáræktar

Heimild: Loftmynd frá 1954


Ey-304:027 túngarður

Hlaðinn torfgarður hefur verið um túnið, a.m.k. suðurhlið þess og norðurhlið vestan til auk vesturhliðar. Nú sjást enn leifar garðsins í SV horninu þar sem tóftin 008 (Litli-Kjarni) hefur verið byggð utaní garðinn.

Um 10 m sjást af garðinum norðan við tóftina 008, en auk þess myndaði vesturhlið sáðreitsins sbr. 002 hluta af túngarðinum og sést hún enn. Sunnan við tóftina 008 heldur garðurinn áfram til suðurs um 3 m og beygir þar til austurs en nær aðeins 6 m í þá átt því þar er annað horn og beygir garðurinn aftur til norðurs um 5 m. Þá er enn horn og þaðan sést garðurinn 10-12 en hverfur síðan undir veginn sem lagður hefur verið með suðurhlið túnsins.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks

Heimild: Loftmynd frá 1954



Ey-304:028 tóft

65°38.833 N 18°05.396 V

Tóftin er í skóginum norðan við Brunná, 30-40 m V við Steinagerði (Grillhýsið) en 17 m V við vegarslóða, sem liggur frá gróðrarstöðinni niður að grillhýsinu. Ef komið er frá gróðrarstöðinni er farið eftir þessum slóða, í gegnum hlið, síðan um 20 m áfram eftir slóðanum en þá beygt til hægri (vestur). Tóftin stendur á brekkubrún, þar sem árgilið byrjar. Þar var áður mói en er nú skógur. Tré eru allt í kring og á N-langvegg tóftarinnar.

Tóftin er tvískipt, snýr A-V. Veggir eru mjög þykkir, 1,5-2 m. Vestara hólfið er 2,5x1,5 m að innan en það eystra 2x2 m að innan og hafa verið dyr úr því til austurs á SA horninu. Sennilega fjárhúskofi með heytóft en gæti einnig hafa verið stekkur.

Hættumat: mikil hætta vegna trjáræktar

Heimild: Loftmynd frá 1954


Ey-304:029 tóft 65°38.879 N 18°05.161 V

Tóftin er 30-40 m N við Brunná og um 80 m austan við Steinagerði (Grillhýsið). Einnig um 30 m austan við akveg, á móts við flaggstöng sem er norðan við grillhýsið. Í skógarrjóðri, áður mói.

Tóftin er tvískipt og snýr N-S. Syðra hólfið er 2,5x2 m en það nyrðra 3x2 m og virðst dyr vera úr því á NA horninu.

Hættumat: mikil hætta vegna trjáræktar

Heimild: Loftmynd frá 1954



Ey-304:030 heimild um mógrafir 65°38.564 N 18°04.930 V

Skv. loftmynd frá 1954 voru mógrafir sunnarlega í Kjarnalandi, sunnan við Kjarnalæk, talsvert langt í austur frá 026. Þar er allstórt skóglæst svæði. Þýfður mói og blásið holt vestanvið. Nokkur tré virðast hafa verið sett í helstu dældir en auk þess liggur framræsluskurður í gegnum svæðið þar sem grafirnar voru.

Grafirnar sjást ekki lengur en af loftmyndinni að dæma voru þær um 50 m í þvermál.


Heimild: Loftmynd frá 1954

Ey-304:031 "Stekkjargil" 65°39.110 N 18°04.785 V

Stekkjargil (einnig Grafargil) er gilið fyrir ofan Lækjarbakka (018) og byrjar það skammt fyrir neðan Magnúsarhól. Lækjarbakki er norðan við lækinn. Þar upp eftir er aflíðandi vallendisbrekka sem gæti hafa verið sléttuð.

Hvergi sést til stekkjarsins. Lækjarbakki gæti hafa verið byggður á tóftum hans en einnig er hálf samanfallinn torfkofi (sennil. kartöflugeymsla) á lækjarbakkanum norðanmegin skammt ofan (V) við Lækjarbakka. Kofinn er ekki gamall en gæti hafa

verið byggður á eldri stekkjartóft. Hann er 2,5 m á breidd og 5-6 m á lengd að innan. Var hnit tekið við kofa þennan en auðvitað gæti stekkurinn hafa verið hvar sem er í gilinu og er það víðast nógu breitt til að rúma stekk.



Ey-304:032 tóft

A65°39.125 N 18°04.185 V

Tóft þessi er um 70 m N við Stekkjarlæk, beint undir rafmagnslínu sem liggur N-S og er suðurendi tóftarinnar fast við staur sem er annar í röðinni frá Stekkjarlæk. Beint austur af Magnúsarhóli, um 40 m austan við vegarslóða sem liggur SA frá aðalvegnum í Kjarnaskóg. Í illa sléttuðu túni, sem nú er sennilega fyrst og fremst bithagi.

Tóftin sést sem aflangur/sporöskjulagaður hóll, varla meir en 0,7 m hærrí en umhverfið og eru tvær dældir í kalli hans, sú syðri 3x2 og hin nyrðri 2x1 en

hleðslur eru mjög útflattar og ólíklegt að þetta lýsi upphaflegri stærð húsanna. Fleiri mishæðir eru í kring til A og N en ekki er jafn augljóst tóftarlag á þeim.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

4. Verndun og kynning fornleifa á skráningarsvæði.

Skráningarsvæðinu má skipta í þrennt eftir landslagi og minjum sem einkenna það. Sunnan við Búðagil er allbrött brekka sem aðgreinir fjöruna frá hjallanum sem bæirnir standa á. Nyrst á svæðinu, í Naustalandi, er afarmjótt undirlendisbelti milli brekkuróta og sjávarborðs. Þar byggðist kaupstaðurinn Akureyri á 18. og 19. öld. Við suðurmerki Nausta (nálægt því sem nú er aðkeyrsla að flugstöðinni) verður brekkan meira aflíðandi og þar taka einnig við sléttir hólmar í ósum Eyjafjarðarár. Hólmarnir voru mikilvægir fyrir efnahag býlanna uppi á brekkunni, og síðar kaupstaðarbúa, vegna engjanna sem í þeim eru. Í hólum hafa hinsvegar aldrei verið nein mannvirki að ráði fyrir utan veitugarða og heystæði. Örnefnið Stekkjarhólmi sunnan við flugvöllinn minnir þó á að skepnum hafi verið beitt a.m.k. á sléttlendið næst brekkunum. Í brekkurótunum risu á síðustu árum 19. aldar fjögur smábýli og má líta þá þau sem einskonar framlengingu af kaupstaðnum.

Þegar upp á brekkuna er komið tekur við allbreiður hjalli sem er um 2 km á breidd nyrst en dregst heldur saman til suðurs og er rúmlega 1 km breiður syðst í Kjarnalandi. Nyrst er lítill halli á hjallanum og er þar víða mýrlent og stór gróðurlítill holt á milli, en sunnar eykst hallinn og er þar meira mólendi. Á hjallanum má tala um tvo byggðakjarna innan skráningarsvæðisins. Annarsvegar er bæjar- og túnstæði Nausta. Naustatúnið var allstórt á 19. aldar mælikvarða enda var þar gjarnan tvíbýli og vísbendingar eru um að stundum hafi einnig verið búið við suðausturhorn túnsins, á svokölluðu Gerði. Þó að Naustaland sé allvíðlent er þó ekki vitað um aðra staði þar sem byggð hefur verið innan þess og á hjallanum er aðeins að finna stekk og heystæði utan túnsins. Hinn byggðakjarninn er mun dreifðari sitthvoru megin við Brunná og aðeins ofar í landinu en Naust. Norðan við ána var Hamrabærinn í frekar litlu túni og þar mun um skeið hafa verið byggð í túnjaðri þar sem hét Hamrahóll. Neðar með ánni var Steinagerði, hjáleiga frá Kjarna, sem nú er alveg horfin. Sunnan við ána var Kjarnatún og efst í því Kjarnabærinn og Litli-Kjarni eða Syðri-Kjarni örfáum metrum sunnar.

Einnig er getið um Kjarnakot og Sofffugerði og gæti það verið sami staðurinn og átt við hól með litlu túnstæði rétt sunnan við austurenda Kjarnatúns. Sömu sögu er að segja hér og með Naust að lítið hefur verið af byggingum á sléttlendinu fyrir utan bæjar- og túnstæðin.

Stekkir, beitarhús og sel þessara jarða voru síðan í fjallsrótunum ofan við hjallann eða uppi í fjallinu sjálfu. Þar gæti hafa verið búið á tveim stöðum, Kjarnastekk og Hamragerði en hvortveggja staðurinn er í fjallsrótunum skammt frá bæjum. Í fjallsrótum og á fjallinu sjálfu eru flestir minjastaðir enn óraskaðir og eru þar á nokkrum stöðum vel varðveittar og skýrar rústir sem hafa aðdráttarafl fyrir útivistarfólk ef upplýsingum um þá er komið á framfæri. Kjarnastekkur hefur verið skemmdur þó enn sjáist móta nokkurveginn fyrir honum og Hamragerði hefur einnig skaddast af framræsluskurðum. Þar eru þó enn tveir stórir rústahólar með skýrum tóftum og túngarður sést á parti og stendur hann allt að tveggja metra hár þar sem hann er hæstur. Mjög auðvelt er að komast að Hamragerði, göngu- eða reiðstígur er aðeins um 150 m fyrir neðan í mýrinni og væri sjálfsagt að merkja staðinn svo að hægt væri að finna hann frá stígunum. Uppi á Kjarnakambi eru leifar nýlegra beitarhúsa en þær eru rétt hjá þægilegri gönguleið upp á fjallið og er þaðan stuttur spölur að tóftaþyrpingu sem sennilega hafa verið eldri beitarhús og stekkur. Enn hærra uppi á fjallinu er Kjarnasel en þar eru miklar og bersýnilega fornar rústir. Sel þetta stendur hvað hæst af seljum í Hrafnagilshreppi hinum forna og hefur bæði rannsóknar- og kynningargildi. Enn má nefna Hamrastekk á miðjum Ytridal, skýra tóft. Þeir minjastaðir sem hér hafa verið nefndir eru flestir utan við framkvæmda- og skógræktarsvæði og er eðlilegt að tekið sé mið af þeim við skipulagningu útivistar í fjalllendi Akureyrarbæjar. Þó er brýnt að trjám verði haldið frá beitarhúsum á Kjarnakambi og að ekki verði gróðursett á Hamragerði.

Á hjallanum þar sem bæirnir standa hefur meiri hluti minjastaða eyðilagst, flestir vegna framræslu og túnræktar, allmargir vegna húsbygginga og vegagerðar og nokkrir eru í verulegri hættu vegna trjáræktar í Kjarnaskógi. Bæjarhólarnir á Naustum og Hömrum eru sennilega að mestu leyti ónýtir og sömu sögu er að segja um flest

útihús sem stóðu þar innantúna. Þó er mikilvægt að fara með gát þar sem gömul tún hafa verið og er æskilegt að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum á slíkum svæðum. Bæjarhóllinn á Kjarna ætti hinsvegar að vera að mestu leyti óskemmdur þó að sléttað hafi verið yfir síðasta torfbæinn og nú síðast sett listaverk úr tréstaurom ofan í hann miðjan. Brýnt er að ekki verði frekara rask á hólnum eða næsta nágrenni hans, þ.m.t. leifar Litla-Kjarna og túngarðs vestan og sunnan við bæjarhólinn. Bæjarstæði Steinagerðis hefur gereyðilagst vegna skógræktarframkvæmda en tvær litlar tóftir eru í skóginum sín hvoru megin við bæjarstæðið. Einnig er gerði á litlum rústahól sunnan við Kjarnatún inni í skóginum. Tré vaxa enn ekki í tóftunum sjálfum þannig að þeim er viðbjargandi og er mikilvægt að skóginum verði rutt betur frá þessum tóftum.

Í Kjarnaskógi eru því nokkrar rústir sem auðvelt ætti að vera að varðveita. Þar eru góðar aðstæður til að bjóða upp á fornleifaskoðun meðfram náttúruskoðun og útivist. Sjálfsagt er að benda fólki, sem kemur í skóginn til að njóta útivistar, á þessa staði en þeir minna á liðna tíð þegar gróðurfari var allt öðruvísi háttað í Kjarnalandi. Auðvelt ætti að vera að hafa efirlit með þessum stöðum og halda skógi frá tóftunum.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Hrafnagilshreppur

Sýsluskjalasafn. Eyjafjörður

IV.B.4.b Landamerkjadómar og fógetaaðgerðir 1728-87

XXIV.B Búnaðarskýrslur 1788-1865

XXX.4 Jarðabók um Vaðlaþing um 1780

Búnaðarfélag Íslands

Kassi 12: Ræktunarsjóðsskjöl

Kassi 209: Túnþýfi í sýslum landsins

- Yfirlitsskýrsla Búnaðarsambands Eyjafjarðar yfir ógreiðfært og þýft ræktað land árið 1944
- Túnastærðir eftir hreppum og sýslum 1920 og 1952

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu

Lárus Thorarensen: Örnefni (í landi Akureyrar) (1947) - G.40/15.

Jón Friðfinnsson: Örnefni kringum Akureyri (1948) G.40/15a.

Örnefnabók I-III. Akureyri (ljósrituð spjaldskrá)

Sýslumannsembættið á Akureyri

Landamerkjabók I-II

Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri

- Mappa með leiðréttingum við örnefnalýsingar og bréfaskiptum vegna þeirra
- Mappa með loftmyndum af Eyjafirði frá 1960, með örnefnum merktum inná af Helga Hallgrímssyni

Minjasafnið á Akureyri

HH: Söguminjaskrá, Eyjafjarðarsýsla (e. Helga Hallgrímsson)

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson: *Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd*, Akureyri 1995.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar I-II*, Akureyri 1973.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, síðara bindi, Akureyri 1993.

Birna Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis*, (fjölrit), Akureyri 1995.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Hjörleifur Stefánsson: *Akureyri. Fjaran og Innbærinn. Byggingarsaga*, Akureyri 1986.

ÍF: *Íslenzk fornrit I-*, Reykjavík 1993-.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, X. Eyjafjarðarsýsla*, Kaupmannahöfn 1943.

Jóhann Ögmundsson: *Ég man þá tíð*, Reykjavík 1981.

Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I. Í landi Eyrarlands og Nausta 890-1862*, Akureyri 1990.

Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar II. Kaupstaðurinn við Pollinn 1863-1905*, Akureyri 1994.

SSE I-II: Hjörtur Þórarinsson: *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*, 2 bindi, Akureyri 1993.

SS 1993: Steindór Steindórsson: *Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs*, Reykjavík 1993.

Steindór Steindórsson: 'Eyjafjörður. Leiðir og lýsingar.' *Árbók Ferðafélags Íslands 1938*.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854, (Eyfirk fræði II), Akureyri 1972.

Tryggvi Þorsteinsson: 'Nokkur örnefni í landi Akureyrar.' *Ferðir* 18 (1959): 16-22.

Ö-Ak: *Örnefni í Akureyrarlandi*, Steindór Steindórsson tók saman, Akureyri 1987.